

STARFSHÓPUR SKIPAÐUR AF IÐNAÐARRÁÐHERRA



TILLÖGUGERÐ UM STEFNU STJÓRNVALDA VARÐANDI ERLENDNA FJÁRFESTINGU

EFNISYFIRLIT

Samantekt og tillögur starfshópsins	bls. 4
Mat og val á atvinnugreinum og geirum sem leggja ber áherslu á	5
Aukið frumkvæði við að nálgast mögulega fjárfesta og fyrirtæki	6
Samstarf stjórnsýslu, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila á borð við orkufyrirtæki	7
1 Bein erlend fjárfesting	8
1.1 Ávinningur beinnar erlendar fjárfestingar.....	9
1.2 Umfang beinnar erlendar fjárfestingar á Íslandi.....	10
1.3 Samsetning beinnar erlendar fjárfestingar 2009	12
1.4 Hindranir í vegi beinnar erlendar fjárfestingar.....	13
1.5 Leiðir til úrbóta	16
2 Langtímastefnumótun um beina erlenda fjárfestingu	17
2.1 Atvinnustefna: Ísland 20/20.....	17
2.2 Orkunýtingarstefna.....	18
2.3 Græna hagkerfið.....	19
2.4 Menntamál	19
2.5 Leiðir til úrbóta	19
3 Mat og val á atvinnugreinum eða geirum sem leggja ber áherslu á við kynningu á Íslandi	21
3.1 Aðstæður á Íslandi.....	22
3.2 Aðstæður erlendis	22
3.3 Samkeppnisgreiningar	23
3.4 Leiðir til úrbóta	26
4 Aukið frumkvæði við að nálgast mögulega fjárfesta og fyrirtæki	27
4.1 Leiðir til úrbóta	30
5 Samstarf stjórnsýslu, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila	32
5.1 Landshlutafélög, Impra og Nýsköpunarmiðstöð	32
5.2 Orkufyrirtæki	33
5.3 Stjórnsýsluleg staða kynningar- og markaðsstarfs fyrir beina erlenda fjárfestingu	33
5.4 Leiðir til úrbóta	34
Viðauki I	35
Starfsemi fjárfestingarstofa í viðmiðunarlöndum	35
Viðauki II	37
Heimildir	39

Iðnaðarráðherra skipaði starfshóp um tillögugerð í tengslum við stefnu stjórnvalda varðandi erlenda fjárfestingu þann 13. október 2010. Starfshópin skipuðu Aðalsteinn Leifsson (formaður), Geir A. Gunnlaugsson, Kristín Pétursdóttir og Vilborg Einarsdóttir. Helga Kristinsdóttir, hagfræðingur, Phd, las yfir og veitti faglega ráðgjöf.

Í erindisbréfi (viðauki II) beinir ráðherra því sérstaklega til starfshópsins að fjalla um eftirfarandi fjóra þætti:

1. Mat og val á atvinnugreinum eða geirum sem leggja ber áherslu á við kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu
2. Aukið frumkvæði við að nálgast mögulega fjárfesta og fyrirtæki
3. Samstarf stjórnsýslu, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila á borð við orkufyrirtæki
4. Mat og val á styrkleikum eða tækifærum sem leggja ber áherslu á

Niðurstöður hópsins byggja að nokkru leyti á ítarlegri úttekt sem sérfræðingar PricewaterhouseCoopers (PwC) í Belgíu gerðu árið 2010 á starfsramma fyrir kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu á Íslandi í samanburði við nágrannalönd. Að auki taka niðurstöður og tilmæli starfshópsins mið af sjónarmiðum og athugasemdum sem upp hafa komið í starfinu og viðtölum við einstaka hagsmuna- og þekkingaraðila sem hópurinn átti til að fá sem gleggsta mynd af málaflokknum. Viðmælendur hópsins voru:

Guðni Jóhannesson orkumálastjóri

Vilhjálmur Þorsteinsson, formaður stýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu

Dagur B. Eggertsson, formaður 20/20 hópsins

Þorsteinn I. Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Kristján L. Möller alþingismaður og formaður iðnaðarnefndar Alþingis

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samáls ehf.


Björn L. Örvar, framkvæmdastjóri Orf Líftækni hf.

Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri PrimaCare ehf.

Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika hf.

Skúli Helgason, formaður nefndar Alþingis um græna hagkerfið

Í skýrslu starfshóps er farið yfir stöðu beinnar erlendrar fjárfestingar á Íslandi, litið til þess hvað stendur í vegi hennar, fjallað um spurningar ráðherra og settar fram ábendingar um aðgerðir. Umfjölluninni er skipt í fimm kafla þar sem farið er yfir skilgreiningar á beinni erlendri fjárfestingu og stöðuna hér á landi, mikilvægi langtímastefnumótunar, mat og val á sóknarfærum og geirum sem leggja ætti áherslu á við kynningu og markaðssetningu, leiðir til virkari öflunar erlendra fjárfestingar og samspil við stjórnsýslu, stoðkefi atvinnulífs og orkugeirann. Í lok hvers kafla eru ábendingar um leiðir til úrbóta. Helstu tillögur starfshópsins og niðurstöður eru svo dregnar saman í inngangskafli.



SAMANTEKT OG TILLÖGUR STARFSHÓPSINS

Ríki alls staðar í heiminum keppast við að draga til sín beina erlenda fjárfestingu og færa má sannfærandi rök fyrir því að slík fjárfesting sé hvergi jafn mikilvæg og í litlum og opnum hagkerfum eins og því íslenska. Jafnframt blasir við að hún er sérstaklega eftirsóknarverð nú í kjölfar efnahagsþrenginga þar sem fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki.

Bein erlend fjárfesting er lítil á Íslandi og hefur einkum verið í orkufrekum iðnaði. Lítil stefnumótun hefur átt sér stað á Íslandi um beina erlenda fjárfestingu.

Í viðtölum starfshópsins við aðila í atvinnulífinu kom fram að margar hindranir virðast vera í vegi erlendra fjárfestingar. Auk þekktra hindrana á borð við gjalddeyrissáhettu og sveiflur í hagkerfinu þá er talað um landsáhættu vegna skyndilegrar og ógagnsærrar ákvarðanatöku stjórnvalda og seinagangs og ófaglegra vinnubragða í stjórnsýslu. Mat OECD á hindrunum í vegi beinnar erlendra fjárfestingar og nýleg áhættugreining Aon styður þessi ummæli.

Því er það mat starfshópsins að til þess að hægt sé að draga erlenda fjárfestingu til landsins verði fyrst að ryðja ákveðnum hindrunum úr vegi. Meðal þess sem hægt er að gera til að lagfæra þessa stöðu er eftirfarandi:

Alþingi og ríkisstjórn setji fram skýra stefnu um beina erlenda fjárfestingu.

Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri verði numin úr gildi, enda er fjallað um hömlur á fjárfestingum í einstaka atvinnugreinum í sérlögum.

Nefnd um erlenda fjárfestingu verði lögð niður.

Setja þarf skýrari vinnureglur fyrir stjórnsýsluna um að henni beri að gefa bindandi álit og að bindandi álit verði gefin innan skuldbindandi tímamarka, svo sem vegna skipulags- og skattamála.

Skilgreina þarf svæði fyrir mismunandi atvinnustarfsemi / klasa þar sem umhverfismat og önnur skipulagsmál, öll þjónusta við svæðið og aðrir þættir sem snúa að aðkomu opinberra aðila að mótun rekstrarumhverfis eru ákveðin og afgreidd fyrirfram. Þannig geta erlendir aðilar sem vilja setja á stofn nýja atvinnustarfsemi í Íslandi á því sviði, gengið að skipulagi og rekstrarumhverfi vísu.

Sjálfsagt og eðlilegt er að sveitarfélög gegni mikilvægu hlutverki við ákvarðanatöku sem snertir atvinnuuppbyggingu og skipulagsmál, eins og lög gera ráð fyrir. Hins vegar kann að koma upp sú staða að sérhagsmunir einstakra byggðarlaga stangist á við hagsmuni þjóðarinnar, þar sem sveitarfélög setja t.a.m. skilyrði um að orka nýtist í byggðarlaginu eða að óeðlileg samkeppni milli sveitarfélaga leiði til lakari arðsemi og færri starfa. Þessa stöðu þarf að leysa með íhlutunarrétti ríkisins eða langvarandi samningi milli ríkis og landeigenda.

Mikilvægt er að alþingi og ríkisstjórn setji fram skýra stefnu um beina erlenda fjárfestingu

MAT OG VAL Á ATVINNUGREINUM OG GEIRUM SEM LEGGJA BER ÁHERSLU Á

Starfshópurinn telur að samkeppnishæfni Íslands sé helst á sviðum sem tengjast hreinu umhverfi, hreinni orku, menntuðu og skapandi starfsfólki, landrými og góðu skipulagi samskiptakerfa. Auk þess býður Ísland öruggt, heilnæmt og fjölskylduvænt umhverfi sem kann að vera eftirsóknarvert, að öðru jöfnu, fyrir sérfræðinga sem æskilegt er að laða til landsins.

Í ljósi þeirrar langtímastefnumótunar sem unnin hefur verið í atvinnu-, orku- og menntmálum og þeirrar greiningar sem unnin hefur verið á samkeppnishæfni Íslands, leggur starfshópurinn til að sóst verði sérstaklega eftir erlendri fjárfestingu sem styður eftirfarandi:

- býður upp á sem mestan virðisauka innanlands í gegnum framleiðsluferlið
- hefur hlutfallslega mikla atvinnusköpun í för með sér og hátt hlutfall verðmætra starfa
- getur leitt af sér nýja þekkingu og eflir rannsóknir og þróun
- felur í sér ný tækifæri eða tækifæri sem talin eru æskileg til styrkingar á innlendri starfsemi sem fyrir er
- er arðsöm og talin geta skilað hlutfallslega miklum skatttekjum
- er umhverfisvæn og í tengslum við starfsemina sé beitt nýjustu tækni
- ýtir undir fjölbreytni atvinnulífsins
- fellur vel að ímynd Íslands

Í þessu felst meðal annars að ekki verði sóst sérstaklega eftir frekari beinni erlendri fjárfestingu til nýrra álvera, meðal annars vegna þess að frekari fjárfestingar á því sviði eru ekki ákjósanlegar fyrir íslenskt efnahagslíf í ljósi einhæfni í atvinnulífinu. Að auki byggir arðsemi álvera að verulegu marki á stærðarhagkvæmni og því er skynsamlegra að stækka þær einingar sem fyrir eru en að bæta við nýjum.

Í kynningar- og markaðsstarfi fyrir beina erlenda fjárfestingu leggur starfshópurinn til að áhersla verði lögð á starfsemi sem:

- er þekkingarmiðuð og beitir nýjustu tækni
- er umhverfisvæn í þeim skilningi að ekki sé um að ræða loftmengun, jarðvegsmengun eða vatnsmengun
- er orkuháð og greiðir hlutfallslega hátt verð fyrir orku
- þarf hlutfallslega mikið landrými
- byggir á styrkleikum lands og þjóðar svo sem viðskiptasamningum, umhverfi, legu landsins, auðlindum og menntun

Undir þessar áherslur fellur meðal annars margskonar iðnaður sem er orkuháður og byggir á nýrri tækni, hugbúnaðariðnaður, gagnaver, skapandi greinar, þjónustuiðnaður, heilsutengd ferðmennska og líftækniiðnaður.

Samnefnarar fyrir þessi svið er orka, náttúra og þekking.

*Sóst skal eftir fjárfestingu
sem hefur nýsköpunargildi og
gefur mestan virðisauka*

*Samnefnarar þeirra þátta
sem leggja skal áherslu á eru:
Orka, náttúra, þekking*

AUKIÐ FRUMKVÆÐI VIÐ AÐ NÁLGAST MÖGULEGA FJÁRFESTA OG FYRIRTÆKI

Kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu á Íslandi er lítið og líður fyrir skort á stefnumörkun, skort á fjármagni, skort á formlegri stöðu í stjórnkerfinu og skort á samstarfi þeirra aðila sem starfa á þessum vettvangi. Í skýrslu PricewaterhouseCoopers á stöðu kynningar- og markaðsmála fyrir beina erlenda fjárfestingu á Íslandi frá árinu 2010 kemur skýrt fram, að mun betur þarf að huga að málaflöknum ef árangur á að nást. Á grunni skýrslunnar, annarra gagna og viðtala við fólk úr stjórnkerfi og atvinnurekstri, leggur starfshópurinn fram eftirfarandi tillögur um úrbætur:

Mikilvægi beinnar erlendra fjárfestingar endurspeglar í öflun og miðlun upplýsinga sem nýst geta við stefnumótun, umbætur, markaðs- og kynningarstarf

Starfshópurinn leggur til að áhersla verði lögð á nýfjárfestingar, þ.e. erlenda fjárfestingu sem skapar ný störf, nýja þekkingu og ný verðmæti (Green Field). Jafnframt leggur starfshópurinn til að horft verði til þess að þeir opinberir aðilar sem halda utan um upplýsingar um beina erlenda fjárfestingu, svo sem Seðlabanki Íslands, Hagstofa og Ríkisskattstjóri geri þær sem aðgengilegastar ásamt því að flokkun upplýsinganna verði til þess fallin að unnt sé að meta árangur og eftir atvikum bæta lagaumgjörð.

Stjórnvöld móti langtímasýn og stefnu fyrir beina erlenda fjárfestingu í samhengi við aðra stefnumörkun

Til þess að árangur náist þarf að móta markmið og árangursmið og koma á samstilltu starfi stjórnvalda, sveitarstjórna og ýmissa hagsmunaaðila yfir lengri tíma. Þetta felur meðal annars í sér forgangsröðun á því hvers konar bein erlend fjárfesting er æskilegust og samhæfingu á starfi ríkisvalds, sveitarfélaga, orkufyrirtækja og annarra hagsmunaaðila. Stefna varðandi beina erlenda fjárfestingu þarf því að haldast í hendur við atvinnustefnu, stefnu í orkumálum, menntastefnu og framtíðarsýn fyrir íslenskt atvinnulíf. Starfshópurinn leggur því til að viðmið fyrir hvers konar erlenda fjárfestingu sem sóst er eftir haldist í hendur við opinbera stefnumörkun. Jafnframt verði til hliðsjónar greiningar á styrkleikum og samkeppnishæfni Íslands og það meginsjónarmið að bein erlend fjárfesting ýti undir lífsgæði á Íslandi í breiðum skilningi.

Starfs- og lagarammi endurspeglar stefnu stjórnvalda varðandi beina erlenda fjárfestingu

Með stofnun Íslandsstofu og fjárfestingarsviðs sem einnar af þremur stoðum hennar skapast tækifæri fyrir formlegri og reglulegri samskipti við ráðuneytið og ráðherra, sem geta verið mikilvæg til að tryggja skjóta og eðlilega málsmeðferð. Starfshópurinn leggur til að formlegur vettvangur verði settur upp beint milli fjárfestingarsviðs og fagráðuneytis þar sem farið verður reglubundið yfir áherslur og úrlausnir verkefna.

Skýr forgangsröðun á tegund beinnar erlendra fjárfestingar

Starfshópurinn telur að samkeppnishæfni Íslands sé helst á sviðum sem tengjast hreinu umhverfi, hreinni orku, menntuðu og skapandi starfsfólki, landrymi og góðu skipulagi samskiptakerfa. Auk þess býður Ísland öruggt, heilnæmt og fjölskylduvænt umhverfi sem kann að vera eftirsóknarvert fyrir sérfræðinga sem æskilegt er að laða til landsins.

„Tæki“ til að laða að beina erlenda fjárfestingu þurfa að vera í samræmi við markmiðs- og aðgerðaáætlun

Starfshópurinn leggur til að farið verði ítarlega yfir lagaramma, ívilnanir og skipulagsmál í framhaldi af markmiðs- og aðgerðaráætlun fyrir beina erlenda fjárfestingu. Skynsamlegt kann að vera að skipuleggja svæði fyrir mismunandi atvinnustarfsemi, þar sem gengið er fyrirfram frá ívilnunum, skipulagsmálum og öðrum þáttum sem eru á valdi opinberra aðila.

Ennfremur leggur starfshópurinn til að farið verði ítarlega yfir þær hindranir sem kunna að vera til staðar í stjórnkerfinu fyrir eðlilega framgöngu erinda sem tengjast beinni erlendri fjárfestingu, m.a. vegna skipulagsmála og bindandi álita um skattamál o.fl.

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu hafi formlegt umboð til að útfæra stefnu stjórnvalda

tarfshópurinn leggur til að fjárfestingarsvið Íslandsstofu móti reglulega viðskiptaáætlanir á grunni stefnu og leiðbeininga stjórnvalda á hverjum tíma og að sú viðskiptaáætlun hljóti formlega staðfestingu og stuðning fagráðherra og/eða ríkisstjórnar.

Leggja ber megináherslu á nýfjárfestingar sem skapa ný störf, nýja þekkingu og ný verðmæti

Forgangsröðun beinna erlendra fjárfestinga byggir á samkeppnishæfni Íslands

Skýr skilgreining á starfsemi fjárfestingastofu

Starfshópurinn leggur til að starfsemi fjárfestingarsviðs Íslandsstofu verði skilgreind í samhengi við nýtilkomið ívilnanafrumvarp, stefnumótandi byggðaaáætlun og aðra tengda stefnumótun stjórnvalda. Þess þarf að gæta að mannafla og aðrar bjargir fjárfestingarsviðs haldist í hendur við verkefni.

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu hafi öfluga heimastöð og skilvirka starfsemi erlendis

Starfshópurinn leggur til að starfsemi fjárfestingarsviðs verði styrkt og að formlegt samstarf og samráð verði milli þessarar starfsemi annars vegar og starfsemi atvinnuþróunarfélaga, Impru, Nýsköpunarmiðstöðvar og orkufyrirtækjanna hins vegar.

Ríkisstjórn tryggi nægilega fjármögnun og mannafla fyrir kynningar- og markaðsstarf

Starfshópurinn leggur til talsverða hækkun á framlögum til málaflokksins og að fyrirkomulagi framlaga verði breytt þannig að hægt verði að skipuleggja starfsemi til framtíðar.

Gera þarf árangursmælingar og upplýsa um árangur

Starfshópurinn leggur til að sett verði upp árangursmæling fyrir fjárfestingarsvið, og í raun Íslandsstofu alla, þar sem meðal annars verði mældur fjöldi verkefna, nýjar fjárfestingar, fjöldi starfa sem skapast, fjárhæð nýrra fjárfestinga, fjöldi fyrirspurna, fjöldi heimsóknna, fjöldi funda með erlendum fjárfestum o.s.frv. í samræmi við viðmið WAIPA (Heimssamband fjárfestingarstofa). Þessu til viðbótar er auðvitað eðlilegt og æskilegt að ávallt liggi fyrir fjöldi fjárfestingarverkefna og samfélagsleg áhrif þeirra (störf, skattar, útflutningstekjur o.s.frv.) en til þess að slíkt sé unnt þarf að bæta upplýsingagjöf Seðlabanka Íslands, Hagstofunnar og Ríkisskattstjóra.

SAMSTARF STJÓRNSÝSLU, STOFNANA, SVEITARFÉLAGA OG HAGSMUNAAÐILA Á BORD VIÐ ORKUFYRIRTÆKI

Starfshópurinn telur að vel fari á því að kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu falli undir starfsemi Íslandsstofu svo lengi sem tryggt er að þessi málaflokkur hafi sjálfstæði og vægi innan stofunnar.

Starfshópurinn telur að skerpa þurfi á stefnumörkun og framkvæmd hennar. Lagt er til að fjárfestingarsviði Íslandsstofu verði gert að gera stefnumarkandi áætlun til fimm ára um kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu og jafnframt verkáætlun til eins árs í senn með mælanlegum markmiðum. Ennfremur leggur starfshópurinn til að fagráðherra staðfesti bæði stefnumarkandi áætlun og verkáætlun með formlegum hætti.

Starfshópurinn telur að verulega skorti á samstarf milli fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og sveitarfélaga og stofnana sem starfa á tengdum sviðum. Þess vegna er lagt til að hafin verði kerfisbundin vinna í einstökum landshlutum við styrkleikagreiningu á svæðinu, almenna gagnaöflun fyrir mikilvæga þætti tengda fjárfestingarverkefnum, framsetningu slíkra upplýsinga og aðgerðaráætlun fyrir móttöku erlendra fjárfesta sem leita upplýsinga vegna hugsanlegrar staðsetningar á svæðinu og vísar starfshópurinn í því samhengi í skýrslu iðnaðarráðuneytisins um endurmótun stoðkerfis atvinnulífsins.

Einnig er lagt til að komið verði á formlegum samstarfsvettvangi milli Nýsköpunarmiðstöðvar og fjárfestingarsviðs Íslandsstofu um val á sérgreindum samstarfsverkefnum þannig að allir þessir aðilar stefni að sama marki í kynningar- og markaðsstarfi fyrir (erlendar) nýfjárfestingar og leggi þá jafnframt fram fjármuni til slíkra verkefna.

Frá sjónarhóli fjárfesta er sá aðili sem sinnir kynningar- og markaðsstarfi fyrir erlenda fjárfesta eðlilegur fyrsti áfangastaður. Þar leita þeir upplýsinga, ráðgjafar og þjónustu. Mörg verkefnanna velta á öflun og afhendingu orku. Þetta þýðir að formlegt og skilgreint samstarf þarf að vera milli fjárfestingarsviðs, Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja á Íslandi og fjárfestingarsvið þarf að hafa starfsfólk og fjármagn til að veita þá þjónustu sem þessi fyrirtæki þurfa og óska eftir.

Tryggja þarf nægt fjármagn fyrir kynningar- og markaðsstarf sem er í samræmi við skýr markmið

Unnið verði eftir stefnumarkandi áætlun sem fagráðherra hefur staðfest

Efla á samstarf fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og sveitarfélaga og stofnana



1 BEIN ERLEND FJÁRFESTING

Bein erlend fjárfesting er almennt skilgreind sem stofnun og uppbygging nýs fyrirtækis frá grunni (e. Green Field) fyrir tilstuðlan erlendra fjárfesta, eða í formi samruna eða yfirtöku erlends fyrirtækis (e. Brown Field). Í öllum tilfellum með langtíma starfsrækslu að markmiði. Dæmi um „Green Field FDI“ á Íslandi er uppbygging ALCOA Fjarðaáls á Reyðarfirði og dæmi um „Brown Field“ er þegar fjárfesting Magma Energy í HS Orku fór yfir 10% af virði fyrirtækisins.

Bein erlend fjárfesting tók að vekja athygli í Bandaríkjunum á sjöunda áratugnum þegar japönsk bílafyrirtæki á borð við Toyota hófu sókn inn á Ameríkumarkað til að auka markaðshlutdeild sína. Þau þurftu þá að velja milli útflutnings bíla til Ameríku og þess að ráðast í beina erlenda fjárfestingu í Ameríku, í tengslum við opnun bílaverksmiðja sinna þar.

Á síðustu áratugum hefur orðið gífurlegur vöxtur um allan heim í beinni erlendri fjárfestingu samfara auknu frjálsræði í alþjóðaviðskiptum¹. Lagt hefur verið mat á að hvaða marki bein erlend fjárfesting á Íslandi ræðst af framboði mannauðs, verðs raforku, óbeins flutningskostnaðar, fjárfestingar- og viðskiptakostnaðar og aðildar að EFTA ásamt fleiri þáttum². Meðal annarra þátta sem hafa áhrif á beina erlenda fjárfestingu eru t.d. menningartengsl.³

Meginþungi beinnar erlendra fjárfestingar hér á landi hefur verið tengdur orkufrekum iðnaði sem fól m.a. í sér uppbyggingu álvera og taldist því til þess að vera „Green Field“ investment.

Með *beinni* erlendri fjárfestingu er almennt átt við það þegar erlendir fjárfestir hefur stjórnunarleg áhrif á atvinnurekstur viðkomandi fyrirtækis. Algeng viðmiðunarregla er að ef erlendir aðili á meira en 10% í innlendu félagi þá er um *beina* erlenda fjárfestingu að ræða, samanber t.d. Eurostat⁴. *Óbein* fjárfesting tengist verðbréfum þar sem eignarhlutur er undir 10% og engin stjórnunarleg áhrif fylgja fjárfestingunni⁵.

Þegar talað er um beina erlenda fjárfestingu í hagfræði er almennt átt við flæðistærð, þ.e. þá fjárfestingu sem ráðist er í það árið, árleg fjárfesting. Hinsvegar, getur stundum verið um uppsafnaða fjárfestingu, þ.e. fjármunaeign að ræða⁶. Þetta er til samræmis við skilgreiningu Seðlabankans sem talar um „beina fjárfestingu (flæði)“ og „beina fjármunaeign í lok árs“⁷. Af sumum er þessi fjármunaeign talin vera meira lýsandi, því það gildi endurspeglar uppsafnaða fjárfestingu, oft yfir mörg ár, og eðli beinnar erlendra fjárfestingar er að hún er almennt til margra ára⁸.

Síðustu áratugi hefur verið mikill vöxtur í beinni erlendri fjárfestingu um allan heim

1 Sjá meðal annars umfjöllun UNTAD um beina erlenda fjárfestingu, <http://www.unctad.org/templates/Page.asp?intItemID=3146&lang=1> og skýrslu OECD (OECD Benchmark Definition of Foreign Direct Investment, Third Edition, 1999): <http://www.oecd.org/dataoecd/10/16/2090148.pdf>

2 Davies & Kristjánssdóttir, 2010; Kristjánssdóttir, 2004; Kristjánssdóttir, 2010

3 Davies, Ionascu & Kristjánssdóttir, 2008).

4 http://europa.eu/estatref/info/sdds/en/bop/bop_fdi_sm.htm

5 Sjá einnig skýrslu OECD (OECD Benchmark Definition of Foreign Direct Investment, Third Edition, 1999)

6 Davies, 2008

7 Seðlabanki Íslands, 2011

8 Davies, 2008

Athugun og viðtöl starfshópsins og þeirra aðila frá PwC sem gerðu úttekt á markaðs-/kynningarstarfi fyrir beina erlenda fjárfestingu á Íslandi bendir til þess að það sé nokkuð á reiki hvaða skilningur lagður er í hugtakið „bein erlend fjárfesting“ á Íslandi. Seðlabanki Íslands sem skráir beina erlenda fjárfestingu hér á landi fylgir viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum sem t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) og OECD fylgja. Þannig greinir Seðlabanki Íslands t.a.m. ekki sérstaklega á milli nýfjárfestingar erlendra aðila eða hlutabréfakaupa þeirra, enda geta hlutabréfakaup í sumum tilvikum verið nýfjárfesting t.d. við hlutabréfaútboð.

Starfshópurinn leggur til að við stefnumótun leggi íslensk stjórnvöld áherslu á beina erlenda fjárfestingu sem hefur nýsköpunargildi:

Sóst er eftir beinni erlendri fjárfestingu sem felur í sér stofnun og uppbyggingu nýs fyrirtækis frá grunni, stækkun á starfandi fyrirtæki eða samruna við erlent fyrirtæki þar sem til verður aukin framleiðsla, ný þekking, ný aðstaða, ný störf og/eða ný verðmæti til lengri tíma.

Hér er með öðrum orðum átt við það sem vikið var að í upphafi og kallast „Green Field“ fjárfesting. Þá er hin svokallaða „Brown Field“ fjárfesting undanskilin en hún felur í sér samruna og yfirtökur.

Í þessu felast mikilvæg skilaboð. Skilaboðin eru þau að sérstaklega er sóst eftir erlendri fjárfestingu sem skapar ný atvinnutækifæri, þekkingu og verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Í þessu felst forgangsriðun takmarkaðs fjármagns, starfskrafta og aðstöðu við kynningar- og markaðsstarf.

Í þessu felst ekki að unnið verði gegn annarri beinni erlendri fjárfestingu í formi „Brown Field“ né óbeinni almennri fjárfestingu í hlutabréfum. Virkur markaður með eignarhlut í íslenskum félögum er mjög æskilegur fyrir íslenskt atvinnulíf að mati starfshópsins. Hins vegar er ástæða til að nýta takmarkaðar bjargir til að ýta sérstaklega undir fjárfestingu sem almennt er talin frekar til þess fallin að auka verðmæti í samfélaginu.

Starfshópurinn vonast til þess að þverpólitísk samstaða geti orðið um þessar áherslur og að þannig verði unnt að marka skýra stefnu um beinar erlendar fjárfestingar til lengri tíma, en stöðugleiki er lykilatriði í þeirri viðleitni að laða erlenda fjárfestingu til Íslands.

1.1 ÁVINNINGUR BEINRAR ERLENDAR FJÁRFESTINGAR

Markmiðið með því að laða að beina erlenda fjárfestingu er m.a. að auka fjölbreytni í undirstöðum atvinnulífsins og fá aukið fjármagn inn til landsins til langs tíma sem nýtt er til uppbyggingar, frekar en lánsfé sem kemur til landsins í mislangan tíma. Þá leiðir bein erlend fjárfesting oft af sér verðmætasköpun og auknar útflutningstekjur, eins og orkufreki iðnaðurinn vitnar um. Þannig er unnt að styrkja stoðir fyrir góð og stöðug lífskjör og lífsgæði.

Ríki um allan heim keppast við að laða til sín beina erlenda fjárfestingu með markvissum hætti þar sem ríkur skilningur er á því að slík fjárfesting bætir lífskjör.

Kynningarstarfsemi, fyrirsjáanlegt og traust lagaumhverfi beinnar erlendar fjárfestingar, sterkir innviðir, gott vinnuafli og margskonar ívilnanir eru meðal þess sem öll nágrannalönd okkar leggja áherslu á til að fá beina erlenda fjárfestingu til sín.

Bein erlend fjárfesting skapar oft ekki einungis störf og verðmæti heldur getur hún og aukið fjölbreytni í atvinnulífi og í útflutningsgreinum, ef vel er á málum haldið. Almennt gildir sú regla að því fjölbreyttari sem útflutningur er, því minni verða ófyrirséðar sveiflur í verðmæti hans.

Ísland er lítið og fremur einhæft hagkerfi og reiðir sig þess vegna umtalsvert á utanríkisverslun. Hlutfall útflutnings vöru og þjónustu af vergrí landsframleiðslu var 53,4% árið 2009⁹ og þetta hlutfall er hærra í mörgum smáum hagkerfum, en sambærilegar tölur fyrir stór hagkerfi á borð við Bandaríkin eru um 10 – 15%. Útflutningshlutfallið endurspeglar hversu mikilvæg stefna í milliríkjavíðskiptum (e. international trade and investment) er fyrir Ísland.

Þörfin fyrir samstarf við erlenda aðila er mikil í smáum og tiltölulega einhæfum hagkerfum eins og því íslenska, ekki einungis vegna aðgangs að fjármunum heldur einnig til að auka fjölbreytni, bæta markaðsaðgang, ýta undir samkeppni og færa nýja þekkingu inn í atvinnulífið. Sterk rök hníga því að því, að markviss stefnumótun í tengslum við beina erlenda fjárfestingu sé mikilvægari fyrir Ísland en flest önnur hagkerfi í heiminum.

Aukin framleiðsla, ný þekking, ný aðstaða, ný störf og/eða ný verðmæti til lengri tíma

Virkur markaður með eignarhlut í íslenskum félögum er mikilvægur en nýta þarf takmarkaðar bjargir í beina erlenda nýfjárfestingu

Bein erlend fjárfesting eykur verðmætasköpun og útflutning og styður þannig við bætt lífskjör

9 Samkvæmt Hagstofu Íslands (landsframleiðsla) og Seðlabanka Íslands (verðmæti útflutnings vöru og þjónustu)

Bein erlend fjárfesting sem felur í sér ný störf eða ný verðmæti getur gengt mikilvægu hlutverki í uppbyggingu íslensks atvinnulífs eftir hrunið. Samstarf við erlenda aðila sem eru tilbúnir til að leggja til fjármuni, þekkingu og aðstöðu auk þess að uppfylla skýr lagaákvæði er alltaf eftirsóknarvert en alveg sérstaklega á tímum þar sem fjárfestingar eru í lágmarki og atvinnuleysi mikið.

Þetta endurspeglast í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingar-græns framboðs frá maí 2009, þar sem segir m.a. að til að ná góðum og jöfnum hagvexti sem sé forsenda fyrir nýjum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika á Íslandi, þurfi „að stuðla að beinni erlendri fjárfestingu“.

Erlenda fjárfestingu á ekki að laða að með vísan í lág laun eða lágt orkuverð. Ísland getur ekki og á ekki að keppa við önnur lönd á þeim grundvelli, heldur fremur að leitast við að verða samkeppnishæft á öðrum sviðum. Ekki á heldur að keppa um erlenda fjárfestingu með vísan í veikburða umhverfislöggjöf eða með því að ganga á önnur lífsgæði Íslendinga.

Samkeppnishæfar útflutningsgreinar eru ekki markmið í sjálfu sér, heldur hluti af því að byggja upp samkeppnishæf lífskjör og lífsgæði.

1.2 UMFANG BENNAR ERLENDRAR FJÁRFESTINGAR Á ÍSLANDI

Seðlabankinn hefur það hlutverk að safna gögnum um beina erlenda fjárfestingu hér á landi og allnokkrar hagfræðirannsóknir hafa verið gerðar á slíkri fjárfestingu á Íslandi¹⁰. Framanaf bar mest á beinni erlendri fjárfestingu til orkufreks iðnaðar. Bein erlend fjárfesting tengd orkufrekum iðnaði hefur þá sérstöðu að koma í stórum þrepum frekar en jafnt og þétt, ákvörðunarþættir beinnar erlendar fjárfestingar á Íslandi með sérstakri áherslu á orkufrekan iðnað hafa talsvert verið rannsakaðir¹¹.

Bein erlend fjárfesting hefur komið til í tengslum við orkufrekan iðnað á Íslandi, m.a. vegna hagstæðs orkuverðs, góðra hafnarskilyrða, góðs aðgengis að köldu vatni, legu landsins og þá spilar inn í að flutningskostnaður hefur minna vægi en fyrir margar hefðbundar vörur, jafnframt því að varan er ekki viðkvæm í tengslum við geymsluþol eða nálægð við neytendamarkað¹².

Dr. Michael Porter vakti athygli á þessari staðreynd í fyrirlestri hér á landi árið 2006 og aftur árið 2010 þar sem hann birti yfirlit yfir samkeppnisstöðu Íslands í útflutningi á heimsmarkaði undanfarin ár. Þar kemur fram að markaðshlutdeild Íslands í heimsframleiðslu hefur aukist hvað hraðast í málframleiðslu og er, ásamt sjávarafurðum, að verða okkar stærsta útflutningsgrein. Aukning hlutdeildar Íslands í nýsköpun eða framleiðslu í hátæknigreinum væri lítil, þrátt fyrir áhugaverð fyrirtæki á þessu sviði.¹³

Nefnd sem fjallaði um íslenska skattkerfið, samkeppnishæfni þess og skilvirkni¹⁴ komst að sömu niðurstöðum og Porter, þ.e. að um tiltölulega einhæfar erlendar fjárfestingar væri að ræða á Íslandi, en í skýrslunni kemur m.a. fram:

Talið er að fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi nemi um 250 milljörðum í árslok ársins 2005. Er hún talin hafa aukist úr nærri 180 milljörðum króna frá árinu 2001 er hún var um 70 milljarðar. Um 190 milljarðar króna eða um 75% af hinni erlendu fjárfestingu voru í eigu fyrirtækja sem skráð eru í Lúxemburg eða á öðrum svæðum sem fyrst og fremst eru þekkt sem athvarf eignarhaldsfélaga sem njóta þar skattalegra fríðinda. Aukning á raunverulegri erlendri fjárfestingu (nýfjárfestingu) virðist því ekki veruleg ef frá er talin fjárfesting í stóriðju.

Frá árinu 2005 hefur þó borið á nýfjárfestingum á fleiri sviðum og nægir að nefna eftirfarandi erlend fyrirtæki sem öll eru starfandi á Íslandi í dag:

10 Davies & Kristjánsdóttir, 2010; Davies, Ionascu & Kristjánsdóttir, 2008; Kristjánsdóttir, 2004; Kristjánsdóttir, 2010

11 Kristjánsdóttir 2004, Kristjánsdóttir 2010

12 Kristjánsdóttir, 2004

13 The Icelandic Geothermal Cluster: M. Porter, Reykjavík 2010 (ppt presentation)

14 Fjármálaráðuneytið 2008

Vísun í almenna samkeppnishæfni frekar en lág laun eða lágt orkuverð

Samkeppnishæfar útflutningsgreinar eru ekki markmið í sjálfu sér heldur hluti af því að byggja upp samkeppnishæf lífskjör og lífsgæði

Lítið er um nýfjárfestingu í hátæknigreinum á Íslandi þrátt fyrir áhugaverð tækifæri á því sviði

Becromal framleiðir álpynnur fyrir þetta. Hefur tekið ákvörðun um stækkun starfseminnar sem fara mun fram á næsta ári

Nimblegen sinnir stofnfrumurannsóknum og þjónustu við alþjóðleg lyfjafyrirtæki .

Framestore annast eftirvinnslu kvikmynda

Íslenska Kísilfélagið ehf. framleiðsla á kísilmálmi í Helguvík; í meirihlutaeigu bandarískra aðila

Minkabú í Héraðsdal í Skagafirði; í eigu danskra aðila

Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal; í eigu írskra aðila

Verne Global Ltd. gagnaver í byggingu; í eigu bandarískra og íslenskra aðila

Carbon Recycling int. Undirbýr framleiðslu á umhverfisvænu metanoli; í eigu íslenskra og bandarískra aðila

Orf Líftækni; sótti erlent hlutfé til nýrrar starfsemi á árinu 2010

Brammer Ísland ehf. er alþjóðlegt fyrirtæki á sviði viðhaldsþjónustu (MRO).

Öll eru þessi verkefni þó tiltölulega smá að umfangi og flokkast fyrirtækin í hóp smárra og meðalstórra fyrirtækja.

Þá eru til alvarlegrar skoðunar ný verkefni á sviði beinnar erlendar fjárfestingar. Þar um ræðir:

framleiðslu á Sodium Klorate

framleiðslu á hreinkísil

framleiðslu á kísilmálmi

fjárfestingu í minkarækt

fjárfestingu í hótélrekstri


fjárfestingu í heilsutengdri ferðaþjónustu

fjárfestingu í gagnaverum

Nokkur erlend tæknifyrirtæki eru með starfsemi á Íslandi eða hafa fjárfest í íslenskum fyrirtækjum.

Til skoðunar eru nokkur fjárfestingarverkefni á nýjum sviðum

BEF sem hlutfall af VLF



Í súluritinu hér að ofan má sjá niðurstöður samanburðar á umfangi erlendar fjárfestingar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á Íslandi og í nokkrum nágrennalöndum okkar árið 2009. Bein erlend fjárfestingin er líklega 68% af landsframleiðslu árið 2009. Ef frá er talin fjárfesting í eignarhaldsfélögum er bein erlend fjárfesting á Íslandi líklega aðeins líklega 26% af landsframleiðslu 2009 og að miklu leyti í stóriðju og málmíðnaði. Þeir sem fylgst hafa með erlendum fjárfestingum á Íslandi á undanförunum árum og þeim verkefnum sem orðið hafa að veruleika, telja að hlutfall eignarhaldsfélaga sé mun hærra hér á landi en í nágrennalöndunum og raunveruleg erlend fjárfesting því hlutfallslega minni hér á landi en opinber samanburður gefur til kynna.

Bein erlend fjárfesting á Íslandi er líklega um 26% af landsframleiðslu þegar tekið hefur verið tillit til eignarhaldsfélaga

Ýmiskonar vandi er við mælingar á þessu sviði, til dæmis hvernig ríki kjósa að stilla af innflæði erlendra fjárfestingar móti útgreiðslu arðs. Erlendur eignaraðili eins og til dæmis Magma Energy gæti hafið beina erlenda fjárfestingu með yfirtöku eða samruna, t.d. á árinu 2010, sem fæli ekki í sér fleiri störf eða stækkun verksmiðju. Síðan, t.d. á árinu 2015, gæti fyrirtækið ráðist í frekari beina erlenda fjárfestingu og í þetta sinn með umtalsverðri uppbyggingu mannvirkja, framlagi tækniþekkingar og fleiri störfum.

Vegna þessara vandkvæða við mat beinnar erlendra fjárfestingar hafa hagfræðingar í vaxandi mæli lagt mat á sölutölur erlendra fyrirtækja. Þar með telja menn sig vera að meta raunverulega starfsemi á staðnum¹⁵.

Skilgreining Seðlabanka Íslands á eignarhaldsfélögum inn í upplýsingar um beina erlenda fjárfestingu er svohljóðandi:

Eignarhaldsfélag er skilgreint eftir ÍSAT 2008 stöðlunum

Bein fjármunaeign í fyrirtæki samanstendur af hlutdeild í bókfærðu eigin fé þess og hreinni lánastöðu gagnvart því. Fjárfestir sem veitir lán til dótturfyrirtækis í öðru landi eykur fjármunaeign sína á sama hátt og um hlutafjárframlag væri að ræða

Eigið fé er hlutafé/stofnfé, varasjóðir, endurmatsreikningur og óráðstafað eigið fé. Bókfært eigið fé getur hækkað með hlutafjárframlagi eða endurfjárfestingu hagnaðar


Til lánastöðu teljast bæði skammtíma- og langtímalán. Lánastöðunni er skipt upp í kröfur á dótturfyrirtæki, skuldir við dótturfyrirtæki og nettó stærð

Tekjur aðila af fjárfestingum geta verið á þrjá vegu, þ.e. í formi arðgreiðslna, endurfjárfests hagnaðar og hreinna vaxtatekna

Hugtök eru í samræmi við alþjóðlega staðla OECD og IMF¹⁶

1.3 SAMSETNING BENNAR ERLENDRAR FJÁRFESTINGAR 2009

Eins og sést á kökuritinu hér að neðan, þá er langstærsti hluti erlendu fjárfestingarinnar fjárfesting í eignarhaldsfélögum¹⁷. Í raun er stærstur hluti þessara eignarhaldsfélaga orðinn til sem veita fyrir erlent lánsfjármagn á árunum fyrir hrún. Það sem eftir stendur eru nær eingöngu fjárfestingar tengdar álframleiðslu.



Ef horft er til samanburðar við samsetningu beinnar erlendra fjárfestingar í Danmörku sést hversu miklu fjölþættari hún er en hér á landi og fullyrða má að langstærstur hluti hennar tengist raunverulegri verðmæta- og atvinnusköpun. Þess ber að geta að hliðstæð sundurliðun hefur ekki fengist varðandi önnur samanburðarlönd sem getur að líta í súluritinu hér að framan þar sem þær reyndust ekki aðgengilegar í opinberum gögnum þessara landa en fyrirspurnir voru gerðar til Seðlabanka þeirra allra.

15 Markusen, 2002

16 Seðlabanki Íslands: Lárus Jóhannesson, hagfræðingur

17 The World Factbook – CIA, <https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/>; Seðlabanki Íslands: <http://www.sedlabanki.is>; FDi.net: <http://www.fdi.net>.

Stór hluti erlendra fjárfestingar á Íslandi er í málmíðnaði og talið er að hlutfall eignarhaldsfélaga sé einnig hátt hér

Bein erlend fjárfesting í álframleiðslu hefur verið grundvöllur fyrir gríðarlega uppbyggingu í orkuvinnslu og dreifikerfi orku. Það má ekki gleyma því að sú sterka staða sem Ísland hefur á orkumarkaði er að verulegu leyti stóriðjunni að þakka.

Hins vegar þarf að velja því fyrir sér hvort áframhaldandi uppbygging á þeim grunni sé skynsamleg og æskileg með tilliti til áhættudreifingar og verðmætasköpunar. Í það minnsta þarf að auka verulega hlutfall annarrar beinnar erlendra fjárfestingar í landinu.

Á Íslandi eru í gildi reglur sem takmarka eignaraðild útlendinga í íslenskum útgerðarfyrirtækjum og vinnslu. Reglurnar gera það að verkum að erlendir aðilar geta ekki fengið ráðandi stöðu í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Markmið þessara reglna er meðal annars að tryggja að einungis íslensk fyrirtæki, undir yfirráðum íslenskra aðila, sækji í sjávarauðlindina umhverfis Ísland. Þessar reglur leiða til þess að tækifæri íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja til að sækja sér fjármagn eru takmarkaðar og eins eru reglurnar hindrun í vegi sameiningar við erlend fyrirtæki á sviði sjávarútvegs eða markaðssetningar á sjávarfangi.

Í Evrópusambandinu (ESB) er réttur fólks til að fjárfesta almennt tryggður, óháð ríkisfangi eða atvinnugrein. ESB hefur hins vegar heimilað reglur sem eiga að tryggja að arðurinn af sjávarauðlindinni komi fram hjá því strandríki sem á auðlindina. Þannig geta fyrirtæki í sjávarútvegi notið frelsis til samstarfs við erlenda aðila en á sama tíma er leitast við að tryggja að eigandi auðlindarinnar njóti arðs af henni.

Starfshópurinn telur vel koma til greina að kanna áhrif þess að heimila erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi, enda geti það gagnast íslenskum fyrirtækjum að sækja sér fjárfestingu og samstarfsaðila erlendis, en á sama tíma verði settar reglur sem tryggi að íslenska þjóðin njóti eðlilegs arðs af auðlindinni óháð því hver það er sem nýtir hana.

1.4 HINDRANIR Í VEGI BENNAR ERLENDRAR FJÁRFESTINGAR

Lítið umfang og einhæfni beinnar erlendra fjárfestingar á Íslandi gefur tilefni til að ræða sérstaklega þær hindranir sem standa í vegi hennar.

Starfshópurinn gat ekki fundið heimildir um mælingar á viðhorfum Íslendinga til erlendra fjárfesta en viðmælendur starfshópsins í atvinnulífi og stofnunum tala um almenna tortryggni gagnvart erlendum fjárfestum. Þeir benda á að skýringin á tortryggni kunni að vera sú ranghugmynd að hagnaður erlendra fjárfesta hljóti að vera tilkominn fyrir tap íslenskra aðila. Erlendir aðilar geri þannig „innrás“ á íslenskan markað og íslenskar auðlindir, sem er talið neikvætt. Fjárfestingar Íslendinga erlendis eru hins vegar jákvæð „útrás“.

Ísland hefur upp á marga góða kosti að bjóða fyrir erlenda fjárfesta, meðal annars vegna góðra samskiptakerfa, staðsetningar, þátttöku í innri markaði Evrópusambandsins (ESB), hæfs starfsfólks og annarra þátta eins og nánar er rakið síðar í skýrslunni.

Hins vegar eru einnig þættir sem fæla frá erlenda fjárfesta eða hafa neikvæð áhrif á áhættumat þeirra þegar skoðaðir eru mismunandi fjárfestingarkostir og hafa þannig áhrif á þá ávöxtunarkröfu sem þeir gera til verkefna á Íslandi.

Óstöðugleiki gengis og skortur á aga í hagstjórn hefur áhrif á áhættumat erlendra fjárfesta. Þá er ekki einungis horft til mikils falls á gengi íslensku krónunnar í efnahagshruninu og gjaldeyrishöft, heldur einnig miklar sveiflur í gengi til lengri tíma. Ýmiskonar **tæknilegar hindranir** eru til staðar, til dæmis í regluverki sem takmarkar aðkomu erlendra aðila, skattalöggjöf o.s.frv. Ennfremur eru til staðar óáþreifanlegar hindranir sem felast í þeirri skynjun að hætta sé á að regluverki verði breytt yfir nótt án samráðs við hagsmunaaðila og að sértækar og afdrifaríkar ákvarðanir séu teknar sem hafi áhrif á rekstrarumhverfi einstakra fyrirtækja eða starfsgreina.

Jafnframt mætti nefna fjarlægðarhindrun sem óáþreifanlega hindrun, en fjarlægð Íslands frá öðrum markaðssvæðum hefur mælst hafa marktæk neikvæð áhrif á beina erlenda fjárfestingu, sem og smæð heimamarkaðar¹⁸.

Viðmælendur starfshópsins nefna að erlendir fjárfestar skynji að landsáhætta sé mikil á Íslandi vegna óstöðugs efnahagslífs og pólitískra óvissuþátta. Þess vegna leiti sú spurning á erlenda fjárfesta, sem vilja taka þátt í áhugaverðum fyrirtækjum og verkefnum, hvort ekki sé mögulegt að færa starfsemina frá Íslandi.


Bein erlend fjárfesting í álframleiðslu var grundvöllur gríðarlegrar uppbyggingar í orkuvinnslu og dreifikerfi

Til greina kemur að kanna áhrif þess að heimila erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi

Óstöðugleiki í gengi og laga- og starfsumhverfi fyrirtækja hefur áhrif á áhættumat fjárfesta og þar með ávöxtunarkröfu vegna verkefna á Íslandi


Þessi viðhorf eru staðfest í áhættumati Aon¹⁹, sem er alþjóðlegt tryggingarfyrtæki. Aon metur landsáhættu fyrir beina erlenda fjárfestingu á Íslandi í þriðja flokki af sex, eða í meðalflokki. Ísland er eina vestræna landið sem stendur svo neðarlega í flokkun Aon. Meðal þeirra landa sem deila þessum flokki með Íslandi eru Rússland, Egyptaland, Tyrkland, Kína og Saudi-Arabía. Aon telur minni áhættu að fjárfesta í Suður-Afríku, Namibíu, Botswana og Rúmeníu, svo nokkur dæmi séu nefnd. Deila má um forsendur þessa áhættumats en áhættumat byggir að nokkru leyti á skynjun matsaðila og ef það er skynjun þeirra að áhætta sé mikil á Íslandi, þá hefur slíkt neikvæð áhrif.

Bæði viðtöl og erlendar mælingar benda til að fjárfestar telji landsáhættu tengda Íslandi fara vaxandi



Efnahags- og samvinnustofnun Evrópu (OECD) uppfærir reglulega skýrslu um hömlur á beinni erlendri fjárfestingu í ríkjum OECD og ýmsum öðrum ríkjum. Samkvæmt nýjustu skýrslunni²⁰ eru hvergi í OECD viðlíka hindranir í vegi beinnar erlendar fjárfestingar og á Íslandi. Raunar er Kína eina ríkið sem skýrsluhöfundar fjalla um þar sem hindranir eru meiri en á Íslandi (sjá súlurit). Á skala þar sem 1 merkir að landið sé fullkomlega lokað fyrir beinni erlendri fjárfestingu og 0 merkir að landið sé fullkomlega opið fyrir beinni erlendri fjárfestingu fær Ísland gildið 0.4300. Til samanburðar þá er það Evrópuríki þar sem hömlur eru mestar, á eftir Íslandi, Eistland með gildið 0.098 og meðaltalið í OECD er 0.0095.

Samkvæmt skýrslum OECD eru miklar hömlur á beinni erlendri fjárfestingu á Íslandi



19 <http://insight.aon.com/content/2011PoliticalRiskMap>

20 OECD's FDI Restrictiveness Index; 2010 update. (<http://www.oecd.org/dataoecd/32/19/45563285.pdf>).

21 Davies & Kristjánsdóttir, 2010; Kristjánsdóttir, 2004; Kristjánsdóttir, 2010; SA, 2008

Hömlur á fjárfestingum í einstaka atvinnugreinum, svo sem sjávarútvegi, hafa áhrif á þetta mat, m.a. mat OECD en þau áhrif eru ekki afgerandi þar sem Ísland er ekki eitt á báti hvað þetta varðar og mörg ríki hafa einhvers konar hömlur á fjárfestingum í einhverjum atvinnugreinum. Meginástæðuna fyrir því að Ísland fær algera falleinkunn hjá OECD er sú að skýrsluhöfundar telja að lög og vinnuaðferðir á Íslandi, við mat á því hvaða bein erlend fjárfesting sé heimil og hvaða fjárfesting sé óheimil, séu íþyngjandi og hamlandi. Án þess að skýrsluhöfundar vísi til þess sérstaklega, þá hlýtur hér að vera átt við lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri²² og þá nefnd um erlenda fjárfestingu sem er kjörin af Alþingi.

Starfshópurinn telur vandséð að þörf sé á sérstökum lögum sem hamla erlendri fjárfestingu, enda er sérstaklega fjallað um hömlur á eignarhaldi erlendra aðila í sérlögum um sjávarútveg, um orkunýtingu o.s.frv. Ennfremur verður ekki séð að þörf sé á sérstakri nefnd um erlenda fjárfestingu, enda geti viðkomandi fagraðuneyti og aðrir lögboðnir eftirlitsaðilar séð um eftirlit með því að bein erlend fjárfesting standist skilyrði laga og reglna. Starfshópurinn leggur því til að lögín verði afnumin og nefndin lögð niður.

Skýrsla OECD er ekki eina vísbendingin um að regluverk og stjórnsýsla á Íslandi geti verið hamlandi, fremur en hvetjandi, fyrir beinar erlendar fjárfestingar á Íslandi. Nokkur nýleg dæmi styðja þetta:

Virðisaukaskattur á netþjóna í gagnaver. Þrátt fyrir að breið sátt sé um að æskilegt sé að laða til Íslands fjárfesta og þekkingu í uppbyggingu gagnavera þá tók um 18 mánuði að aðlaga reglur um virðisaukaskatt á netþjóna sem nauðsynlegar voru til að gera Ísland samkeppnishæft við önnur Evrópulönd á þessu sviði.

Afstaða stjórnvalda til eignarhalds Magma á HS Orku. Skýrar og strangar reglur um eignarhald á auðlindum og umgengni við þær þurfa ekki að hafa neikvæð áhrif á erlenda fjárfestingu. Hins vegar ýtir umræða um eignaupptöku og aðrar sértækar aðgerðir sem hafa meiriháttar áhrif á rekstrarumhverfi einstakra fyrirtækja undir neikvætt áhættumat. Án þess að afstaða sé tekin til efnisatriða þessa einstaka máls þá bendir starfshópurinn á, að öll umræða um inngríp í einkaréttarlega samninga og eignarnám á einstaka fyrirtækjum hefur mikil og neikvæð áhrif á áhættumat erlendra fjárfesta. Ummæli ráðherra í þá veru að til greina komi að taka HS Orku eignarnámi eru ákaflega skaðleg fyrir beina erlenda fjárfestingu, svo ekki sé sterkar kveðið að orði.

Afgreiðsla og ferill umhverfismats. Skýrar og strangar reglur um umhverfisleg áhrif verkefna þurfa ekki að hafa neikvæð áhrif á erlenda fjárfestingu og engin ástæða er til þess að slaka á umhverfiskröfum. Hins vegar er mikilvægt fyrir erlenda fjárfesta að geta treyst verkferlum og að stjórnsýslan sé skilvirk og gagnsæ. Sú hefur ekki verið raunin, m.a. þegar kemur að umhverfismati. Fyrirtækið REC sem framleiðir hráefni í sólarrafhlöður leitaði eftir staðfestingu yfirvalda um að tímalengd umhverfismats færi ekki fram yfir lögboðin mörk. Slíka yfirlýsingu var ekki unnt að fá þar sem yfirvöld telja sig ekki geta tryggt slíkt í gegnum lögín. Frestir eru rúmír og dæmi eru um ítrekaðar framlengingar. Engin viðurlög eru við því þegar frestir eru ekki virtir.

Fyrirkomulag skipulagsmála. Núverandi fyrirkomulag skipulagsmála stendur í vegi fyrir samkeppnishæfni landsins gagnvart beinni erlendri fjárfestingu. Sveitarfélög eru í lykilhlutverki og ákvarðanir þeirra taka mið af svæðisbundnum hagsmunum fremur en almannahagsmunum. Þess eru dæmi að sveitarfélög neiti orkufyrirtækjum um að skipuleggja nýtingu orkusvæða nema gegn skuldbindingum um að orkan fari að einhverju eða öllu leyti til atvinnuuppbyggingar í héraði, þrátt fyrir augljóst óhagræði með tilliti til viðtækari hagsmuna.

Umsóknir um bindandi álit vegna fjármálastarfsemi og framleiðslu. Strangar og skýrar reglur um fjármálastarfsemi og framleiðslu þurfa ekki að hafa neikvæð áhrif á erlenda fjárfestingu. Skýrt reglugerðarumhverfi er almennt talið kostur í þessu sambandi. Erlend fyrirtæki, hvort heldur í fjármálastarfsemi eða framleiðslu, þurfa hins vegar að hafa vissu um skattalega meðhöndlun starfseminnar þegar þau staðsetja sig hér á landi. Þjónustuaðilar við þessi fyrirtæki sem starfshópurinn ræddi við, svo sem skattaráðgjafar og endurskoðunarfyrirtæki, eru samdóma um að viðbrögð íslenskra stofnana séu of hæg og ómarkviss. Þetta er einnig niðurstaða sjálfstæðrar úttektar PwC í Belgíu frá 2010.

Lög og vinnuaðferðir á Íslandi við mat á því hvaða fjárfesting sé heimil og hver óheimil þykja íþyngjandi að mati OECD

Starfshópurinn leggur til að nefnd um erlenda fjárfestingu verði lögð niður

Umræða um inngríp í einkaréttarlega samninga eða eignarnám er skaðleg

Skilvirkir ferlar, heildarhagsmunir í skipulagsmálum og bindandi álit skiptir allt máli

²² 1991, nr. 34 25. mars. Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Samkeppnishæfni skattkerfisins ekki talin áhugaverð. Árið 2008 var unnin skýrsla af PricewaterhouseCoopers (How Iceland can underpin FDI through tax incentives) um möguleika Íslands til að skapa samkeppnishæft umhverfi fyrir þjónustu á borð við fjármálaþjónustu alþjóðlegra fyrirtækja sem sjá um fjármögnun sína í gegnum eigin lánastofnun, umsýslufélög fyrir einkaleyfisþóknun og alþjóðlega skipaskráningu. Ekki hefur verið brugðist við þessum ábendingum og vart hægt að greina áhuga embættismanna og stjórnvalda á leiðum til stækkunar skattstofnsins og tekjuöflunar fyrir Ísland. Þvert á móti hafa erlend fyrirtæki, einkum kanadísk, sem hér hafa verið skráð um áraraðir og nýtt hafa þjónustu innlendra sérfræðinga til uppsetningar og reksturs eignarhaldsfélaga, kosið að hverfa frá Íslandi vegna óhagstæðra breytinga sem gerðar hafa verið á íslenskum skattalögum á undanförunum 2-3 misserum. Þessi fyrirtæki hafa greitt umtalsverðan skatt til íslenska ríkisins á hverju ári, jafnvel sem nemur hundruðum milljónum króna.

Ef til vill má deila um forsögu og atburðarás þessara dæma sem hér eru sett fram en það er hins vegar tvímælalaust almennur skilningur viðmælenda starfshópsins að þeir sem íhugi að koma með beina erlenda fjárfestingu til Íslands setji vara við óstöðugleika í íslensku efnahagslífi, gjaldmiðilsáhættu og að margir óttist ófyrirséð inngríp stjórnvalda og óskilvirka stjórnsýslu. Þessi skynjun er staðfest í alþjóðlegu áhættumati fyrir beina erlenda fjárfestingu.

Ef það er rétt, eins og þessi dæmi og lýsingar margra viðmælenda starfshópsins benda til, að þrátt fyrir stuttar boðleiðir sé stjórnsýslan á Íslandi hamlandi fyrir beina erlenda fjárfestingu, þá er það alvarlegt og brýnt úrlausnarefni.

1.5 LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

Meðal þess sem hægt er að gera til að lagfæra þessa stöðu er eftirfarandi:

Alþingi og ríkisstjórn setji fram skýra stefnu um beina erlenda fjárfestingu.

Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri verði numin úr gildi, enda er fjallað um hömlur á fjárfestingum í einstaka atvinnugreinum í sérlögum.

Nefnd um erlenda fjárfestingu verði lögð niður.

Setja skýrari vinnureglur fyrir stjórnsýsluna um að henni beri að gefa bindandi álit og að bindandi álit verði gefin innan skuldbindandi tímamarka, svo sem vegna skipulagsmála og skattamála.

Skilgreina svæði fyrir mismunandi atvinnustarfsemi/klasa þar sem umhverfismat og önnur skipulagsmál, öll þjónusta við svæðið og aðrir þættir sem snúa að aðkomu opinberra aðila að mótun rekstrarumhverfis, eru fyrirfram ákveðin og afgreidd. Þannig geta erlendir aðilar sem vilja setja á stofn nýja atvinnustarfsemi á Íslandi á því sviði, gengið að skipulagi og rekstrarumhverfi vísu.

Sjálfsagt og eðlilegt er að sveitarfélög gegni mikilvægu hlutverki við ákvarðanatöku sem snertir atvinnuuppbyggingu og skipulagsmál, eins og lög gera ráð fyrir. Hins vegar kann að koma upp sú staða að sérhagsmunir einstakra byggðalaga stangist á við hagsmuni þjóðarinnar, þar sem sveitarfélög setja t.a.m. skilyrði um að orka nýtist í byggðalaginu eða að óeðlileg samkeppni milli sveitarfélaga leiði til lakari arðsemi og færri starfa. Þessa stöðu þarf að leysa með íhlutunarrétti ríkisins eða langtíma samningi milli ríkis og landeigenda.

Efla þarf skilning á stækkun skattstofna til tekjuöflunar og því að óhagstæðar breytingar valda flutningi fyrirtækja frá landinu



2 LANGTÍMASTEFNUMÓTUN UM BEINA ERLENDA FJÁRFESTINGU

Stefna um beina erlenda fjárfestingu þarf að haldast í hendur við atvinnustefnu, stefnu í menntamálum og auðlindastefnu til lengri tíma. Lykilatriði í þessari vinnu er að unnið verði eftir breiðu samkomulagi sem allra flestra hagsmunahópa þannig að sameinast verði um grundvallaratriði og grundvallargildi til framtíðar. Heildstæð stefna fyrir beina erlenda fjárfestingu hefur ekki verið til staðar á Íslandi og engin formleg forgangsröðun á þeirri tegund erlendrar fjárfestingar, sem sóst er eftir, er fyrir hendi. Þess vegna átti starfshópurinn samtöl við aðila sem tengjast þremur mikilvægum stefnumótunarverkefnum sem unnin hafa verið á vegum ríkisstjórnar á undanföllum mánuðum.

2.1 ATVINNUSTEFNA: ÍSLAND 20/20

Ríkisstjórnin samþykkti nýlega tillögur 20/20 hópsins um stefnumörkun og framtíðarsýn fyrir atvinnuuppbyggingu á Íslandi fram til ársins 2020. Í þeim hluta skýrslunnar þar sem fjallað er um „einstök verkefni til að fylgja eftir stefnumörkun og atvinnustefnu“ segir:

„Marka þarf skýra stefnu um erlenda fjárfestingu og vinna markvisst að því að greiða fyrir fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Sérstaklega þarf að huga að möguleikum til að afla þolinmóðs fjármagns fyrir innviði og áhættufjárfestingar á þekkingar- og nýsköpunarsviðinu.“

Atvinnulífið og samkeppnishæfni þess byggist að mati nefndarinnar upp með þrennum hætti:

Vaxtarskilyrði verði gerð sem hagstæðust fyrir starfandi fyrirtæki með almennri umgjörð um atvinnulífið.

Stuðla verður sem mest að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi til að nýta með sem bestum hætti menntun og þekkingu til uppbyggingar sem fjölþættastrar starfsemi.

Örva beina erlenda fjárfestingu til að skapa virðisauka og atvinnu með tiltölulega vel skilgreindum hætti þar sem hinar erlendu nýfjárfestingar byggja yfirleitt á margra ára markaðsaðgengi þeirra fyrirtækja, sem ákveða að setjast hér að með starfsemi sína.

Af þessu verður ráðið að bein erlend fjárfesting sé mikilvægur þáttur í atvinnustefnu, setja þurfi skýrari ramma til framtíðar fyrir hvers konar erlenda fjárfestingu sem sóst er eftir og huga verði að því hvernig búið skuli að virðisaukandi nýfjárfestingum erlendra aðila.

Heildstæð stefna fyrir beina erlenda fjárfestingu hefur ekki verið til staðar á Íslandi

Í stefnumótuninni 20/20 er bein erlend fjárfesting talin mikilvæg til að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs

2.2 ORKUNÝTINGARSTEFNA

Nýlega skilaði starfshópur af sér skýrslu og tillögum um orkustefnu til framtíðar. Í tillögum starfshópsins kemur fram að eitt af markmiðum orkustefnunnar sé að styðja uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs á grundvelli orkuauðlinda þjóðarinnar, eðlis þeirra sem endurnýjanlegra auðlinda, og reynslu og þekkingar á sjálfbærri nýtingu slíkra auðlinda.

Færa má rök að því að tilvist umhverfisvænna og endurnýjanlegra orkugjafa sé einn helsti segullinn fyrir beina erlenda fjárfestingu hér á landi. Mikilvægt er því að flétta saman viðskiptalega hagsmuni orkufyrirtækjanna og þjóðarinnar og finna leiðir til að hagsmunirnir fari saman við áherslur og val þeirra fjárfestingarverkefna sem hingað koma.

Í greinargerð orkustefnunefndar er m.a. bent á þá erfiðleika sem geta verið því samfara að ná þessum markmiðum, svo sem smæð raforkumarkaðarins sem valdi því að orkufyrirtækin treysti sér ekki til að hefja byggingu virkjana fyrr en að sala raforkunnar er tryggð en þessi staða hefur valdið því fyrir stærri kaupendur, að þeir þurfa að staðfesta orkukaupin 3-4 árum áður en fyrsta afhending fer fram.

Áhersla hefur því verið á að laða að tiltekna tegund stóriðju með hlutfallslega lágu orkuverði en tiltölulega öruggri kauptryggingu og löngum samningstíma, sem felur í sér stöðugleika.

Færð eru að því rök að núverandi form sölusamninga leiði til áframhaldandi einsleitni í erlendum fjárfestingum, en skapi ekki umhverfi fyrir stofnun og vöxt minni og hugsanlega meira skapandi fyrirtækja.

„Þetta getur leitt til áframhaldandi einhæfni í orkufrekum iðnaði, minni fjölbreytni í störfum og aukinnar hlutfallslegrar áhættu fyrir þjóðarþúíð“²³.

Því bendir orkustefnunefnd á eftirfarandi leiðir til að tryggja aukna fjölbreytni tengda orkunýtingu:

Í boði verði hverju sinni orka til fjölbreyttra verkefna, í smærri (1-10 MW) og meðalstórum (10-50 MW) einingum, til afgreiðslu innan þess tímaramma sem uppbygging verkefna af þeim stærðargráðum tekur að jafnaði, þ.e. eitt til fjögur ár.

Raforkulög og reglur um tengingar við flutningsnet, dreifinet eða beint við virkjun séu þess eðlis að þau geti hentað smærri og meðalstórum orkunotendum enda taki þeir sanngjarnan þátt í kostnaði.

Afhendingartími orku verði ásættanlegur bæði fyrir orkufyrirtæki og fyrir smáa og meðalstóra kaupendur.

Að orkusölusamningar verði sem fjölbreyttastir að stærð og lengd og þeir renni út á mismunandi tímabilum.

Að leitað verði kaupenda sem geta nýtt umframgetu í raforkuerfinu í góðum vatnsárum, án tryggingar fyrir afhendingu í lélegum vatnsárum.

Að leitað verði leiða til að selja raforku og jarðvarma frá jarðhitavirkjunum til uppbyggingar iðngarða sem nýta hina fjölþættu orkustrauma jarðvarmavirkjana og framleiðslu og/eða affallsefni hvers annars, til dæmis í matvælaíðnaði, garðyrkju, líftækni, efnaiðnaði, pappírsvinnslu o.fl.

Að ríkið hafi meiri stjórn á auðlindanýtingunni - þrói auðlindina og rannsaki orkusvæði, hanni útboð, sjái til þess að jafnt framboð verði á orku og innheimti auðlindagjald. Þannig tengi ríkið atvinnustefnu við auðlindastefnu.

Starfshópur um beina erlenda fjárfestingu tekur heilshugar undir þessar niðurstöður og tillögur orkustefnunefndar og hvetur til markvissrar samþættingar á eigendastefnu orkufyrirtækjanna við atvinnustefnu og stefnu stjórnvalda um beina erlenda fjárfestingu, þannig að leitast verði við að samþætta þjóðarhag og viðskiptalega hagsmuni orkufyrirtækjanna. Opinber orkufyrirtækin þurfa þannig að fara eftir stefnumörkun stjórnvalda þar sem viðmiðið er þjóðarhagur.

Í drögum að heildstæðri orkustefnu fyrir Ísland er bent á að viðskiptahagsmunir orkufyrirtækjanna og heildarhagsmunir þjóðarinnar þurfi að fara saman við val fjárfestingarverkefna

Orka þarf að vera tiltæk fyrir fjölbreyttari, smærri og meðalstór verkefni þar sem uppbyggingahraði er meiri

Með auðlindagjaldi, auknum rannsóknum á orkukostum og stuðningi við nægt framboð getur ríkið tengt atvinnustefnu og auðlindastefnu

²³ Orkustefna fyrir Ísland, drög til umsagnar, bls. 43.

2.3 GRÆNA HAGKERFIÐ

Á vegum Alþingis er að störfum nefnd um græna hagkerfið með það að markmiði að fjölga störfum á sviðum sem stuðla að varðveislu og/eða endurheimt umhverfisgæða. Nefndin, sem er skipuð fólki úr öllum flokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi, mun fara yfir stöðu þeirra málaflokka sem snerta græna hagkerfið allt frá reglum og starfsemi stjórnkerfisins til fjármögnunar og menntakerfis. Gert er ráð fyrir að úr þeirri vinnu komi fastmótaðar tillögur um umbótaáðgerðir.

Það blasir við að stefnumótun um beina erlenda fjárfestingu þarf að taka mið af þeim markmiðum sem stjórnvöld og Alþingi setja sér um uppbyggingu græna hagkerfisins. Það á til dæmis við um hvers konar fjárfestingu er sóst eftir með ívilnunum, svo og hvernig kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu er háttað.

2.4 MENNTAMÁL

Því er gjarnan haldið fram í opinberri umræðu að menntunarstig á Íslandi sé hátt og að í þessu felist tækifæri í atvinnuuppbyggingu og beinni erlendri fjárfestingu.

Í skýrslu Efnahags- og samvinnustofnunar Evrópu (OECD) um menntamál árið 2010²⁴, kemur fram að Ísland fjárfestir um helmingi minna til háskólamenntunar en meðaltal OECD ríkjanna. Ísland er enn yfir OECD meðaltali þegar kemur að fjölda fólks með háskólamenntun en það mun breytast á næstu árum því í hópi 25 – 34 ára er Ísland undir meðaltalinu. Á Norðurlöndunum hefur um 40% fólks á þessum aldri lokið háskólaprófi en á Íslandi er hlutfallið um 33%. Það vekur athygli í skýrslu OECD að þrátt fyrir lítil framlög til háskóla þá ver Ísland meira fé til menntamála en meðaltal ríkja OECD. Skýringin er sú að framlög til grunnskóla eru hlutfallslega há á Íslandi og hvergi annars staðar í OECD er veitt meira til grunnskóla en til háskóla.

Af þessu má ráða að verulegar breytingar þurfi að eiga sér stað á menntastefnu á Íslandi til þess að hún styðji við samkeppnisstöðu þekkingarfyrirtækja. Auka þarf framlög til háskóla og umtalsvert til rannsókna og huga að veitingu skattaafsláttar til fyrirtækja sem styðja grunnrannsóknir í háskólum.

Líta má á fjárfestingu í verkmenntun og háskólamenntun sem fjárfestingu í innviðum fyrir allan þekkingariðnað og skapandi greinar, hvort sem fjallað er um tæknifyrirtæki, hönnun, framleiðslu eða þjónustu á svipaðan hátt og fjárfestingar í virkjunum eru nauðsynlegar fyrir orkufrekan iðnað. Þessi fjárfesting mun skila sér í væntanlegum hagnaði þessara fyrirtækja og beinum og óbeinum skatttekjum ríkisins af starfsemi þeirra. Í því ljósi eru þær fjárhæðir sem settar eru í háskóla og rannsóknir á Íslandi ekki háar.

Á fjárlögum ársins 2011 eru samanlögð framlög til Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri um 13 milljarðar króna og mikið vantar upp á að framlög til verkmenntunar á Íslandi mæti þörfum atvinnulífsins fyrir fagmenntað starfsfólk.

Við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi þarf að leggja áherslu á að skapa verðmæt störf til að tryggja að lífskjör hér verði jafn góð eða betri en í nágrennalöndunum. Núverandi áherslur stjórnvalda og atvinnulífsins á að samkeppnisstaða útflutningsgreinanna sé svo góð kann að vera hættuleg, því hún felur m.a. í sér að laun hér á landi haldast lág. Samkeppnisstaða útflutningsgreinanna á því ekki að vera sjálfstætt markmið eða viðmið. Markmiðið á að vera samkeppnishæf lífskjör og verðmæt störf.

2.5 LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

PricewaterhouseCoopers í Belgíu hefur dregið saman nokkra meginþætti sem ráða úrslitum um árangur við að laða að beina erlenda fjárfestingu. Þegar farið er yfir þá er ljóst að heildstæð stefnumótun til lengri tíma er lykilatriðið og tengist öllum öðrum þáttum svo sem vali á atvinnugreinum og geirum, auknu frumkvæði við að nálgast mögulega fjárfesta og fyrirtæki og kynningar- og markaðsstarf. Hér á eftir er farið yfir þessi atriði og bent á þá þætti sem bæta þarf úr:

Stefnumótun um beina erlenda fjárfestingu þarf að taka mið af markmiðum stjórnvalda um uppbyggingu hins græna hagkerfis

Fjárfesting í verkmenntun og háskólamenntun er fjárfesting í innviðum fyrir allan þekkingariðnaðinn og mun skila sér í hagnaði fyrirtækja og beinum og óbeinum skatttekjum ríkisins

Í langtímasýn og stefnu stjórnvalda fyrir beina erlenda fjárfestingu þarf að auka samhæfingu milli ríkis, sveitarfélaga og orkufyrirtækja

24 Education at a Glance 2010

Stjórnvöld móti langtímasýn og stefnu fyrir beina erlenda fjárfestingu í samhengi við aðra stefnumörkun

Ríkisstjórn Íslands hefur undirstrikað mikilvægi beinnar erlendar fjárfestingar í samstarfssáttmála. Mismunandi skoðanir eru um hlutabréfakaup erlendra aðila í íslenskum hlutafélögum á vettvangi stjórn málaengóðsáttvirðistveraumerlendarnýfjárfestingar. Sélögð sérstök áhersla á erlenda fjárfestingu sem hefur nýsköpunargildi, skapast betri grundvöllur fyrir langtímastefnumótun og stöðugleika í starfi við að laða að beina erlenda fjárfestingu. Umtalsverður hluti beinnar erlendar fjárfestingar á Íslandi undanfarna áratugi hefur verið á sviði orkufrekra verkefna svo auka þarf samhæfingu milli stefnu ríkisvalds, sveitarfélaga og orkufyrirtækja varðandi orkuháð verkefni með aðkomu erlendra fjárfesta.

Fjárfestingarstofur (Investment Promotion Agencies) hafi formlegt umboð til að framkvæma stefnu stjórnvalda á hverjum tíma

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu hefur þróað eigin áherslur með forgangsverkefnum á grundvelli samkeppnisgreininga, en bæta þarf við formlegri leiðbeiningu og samþykki yfirvalda og setja viðmið til þess að mæla árangur af starfsemi.

Starfs- og lagarammi tryggi góða endurspeglun á stefnu stjórnvalda varðandi beina erlenda fjárfestingu

Koma þarf á beinum tengslum milli þeirra sem starfa að því að greiða fyrir beinni erlendri fjárfestingu og skrifstofum fagráðherra.

Skýr forgangsröðun á tegund beinnar erlendar fjárfestingar

Til að ná árangri þarf að vera ljóst hvers konar atvinnurekstri skuli sóst sérstaklega eftir, hvar styrkur Íslands liggur til framtíðar og hvers konar verkefni henta síður fyrir íslenskt samfélag. Engin samstaða er um slíkar áherslur og því hefur hvert verkefni fyrir sig verið afgreitt eftir því sem það hefur borist. Einn af göllunum við slíka „fyrstur kemur, fyrstur fær“ nálgun er að þau verkefni sem unnið er að henta ekki nauðsynlega atvinnustefnu og samfélagslegri uppbyggingu. Fjárfestingarsvið hefur komið sér upp eigin áherslusviðum sem flestir viðmælenda voru sammála um að væru eðlileg. Hins vegar komu fram sterk viðhorf viðmælenda þess efnis að aðgerðir til að laða að beina erlenda fjárfestingu þyrftu að haldast í hendur við styrkleika Íslands og miða að því að auka breidd í atvinnuuppbyggingu og nýfjárfestingum. Þannig mætti draga úr áhættu sem skapast vegna einhæfs atvinnulífs.

Skýr skilgreining á starfsemi fjárfestingarsviðs Íslandsstofu

Lýsa þarf formlega verkefnum fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og hlutverki sviðsins og tryggja fjármagn og mannafla til að sinna þeim. Hefðbundið fást fjárfestingarsvið við greiningu tækifæra, greiningu á samstarfsaðilum, markaðs- og kynningarstarf og aðstoð við verkefni með aðkomu erlendar nýfjárfestingar og samskipti/þjónustu við erlenda fjárfesta.

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu hafi öflugan heimastöð og skilvirka starfsemi erlendis

Skilvirkt fjárfestingarsvið þarf að hafa starfsfólk sem getur sinnt samskiptum við æðstu stjórnendur mögulegra erlendra nýfjárfesta, sérfræðinga sem geta sinnt ítarlegri greiningarvinnu og jafnframt starfsfólk á Íslandi og utanlands sem getur sinnt skilvirku kynningarstarfi.

Ríkisstjórn tryggi fjármögnun og mannafla fyrir kynningar- og markaðsstarf

Fyrirkomulag fjármögnunar og umfang þarf að tryggja að unnt sé að gera langtímaáætlanir.

„Tæki“ til að laða að beina erlenda fjárfestingu þurfa að vera í samræmi við markmiðs- og aðgerðaáætlun

Lög um ívilnanir fyrir beina erlenda fjárfestingu eru stórt skref í rétta átt en ná tiltölulega skammt. Slíkar ívilnanir þarf að styðja með hraðvirkri og gegnsærri stjórnsýslu, skýrri sýn á framtíðarskipulag atvinnusvæða, upplýsingum um framboð á orku og stefnu um nýtingu hennar.

Gera þarf árangursmælingar og upplýsa um árangur

Starfsemi fjárfestingarsviðs Íslandsstofu hefur m.a. verið metin í gegnum alhliða úttekt UN²⁵ á vefsíðum og svörum fjárfestingarstofa um allan heim en bæta þarf við skipulegum árangursmælingum.

Fjárfestingarstofur þurfa formlegt umboð og starfs- og lagarammi sem endurspeglar stefnu stjórnvalda

Forgangsröðun þarf að byggja á mati á styrk Íslands og hvað hentar samfélaginu

Fjárfestingarstofur þurfa skýra skilgreiningu, mannafla, erlenda starfsemi, tryggja fjármögnun, rétt verkfæri til að laða að erlenda fjárfesta og loks árangursmælingar

25 Global Investment Promotion Benchmarking 2009: Summary Report: World Bank Advisory Services_Investment Climate



3 MAT OG VAL Á ATVINNUGREINUM EÐA GEIRUM SEM LEGGJA BER ÁHERSLU Á VIÐ KYNNINGU Á ÍSLANDI

Í erindisbréfi er þess farið á leit við starfshópinn að hann fjalli um mat og val á styrkleikum, tækifærum og atvinnugreinum eða geirum sem leggja beri áherslu á við kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu.

Hingað til hefur bein erlend fjárfesting á Íslandi í miklu mæli verið á sviði álbræðslu, sem byggir m.a. á greiðum aðgangi að öruggri raforku á verði sem er við eða undir meðaltali á heimsvísu.

Í skýrslu um ívilnanir frá Iðnaðarráðuneytinu í apríl 2009 segir m.a.:

Ísland hefur nokkur tiltölulega vel afmörkuð tækifæri til að laða að BEF sem m.a. tengjast legu landsins, auðlindum þess og menntunarstigi þjóðarinnar.

Þó raforka sé megin ástæða fyrir áhuga erlendra fyrirtækja á að staðsetja sig hér á landi er ljóst að hagkvæmt raforkuverð eitt og sér nægir ekki til þess að stíga skrefið til fulls. Aðrir kostir Íslands hafa einnig haft áhrif svo sem nálægð við markaði, stöðugleiki í stjórnkerfinu, lágir fyrirtækjaskattar, hátt menntunarstig, sveigjanlegt vinnuafli, góð verkmenning, sértæk tækniþekking, nægilegt landrými, góð hafnarskilyrði og fríverslunarsamningar við ESB og önnur lönd. Einmitt á öllum þessum sviðum skorar Ísland hátt samkvæmt niðurstöðum úr alþjóðlegum samkeppnisvísitölum hagvaxtar.

Nálægð við markaði kann að hljóma einkennilega en þegar hráefni, raforku og markað er að finna í sitt hvorum heimshlutanum og flytja þarf hráefni um hálfan hnöttinn til þess að vinna úr því tiltölulega dýra vöru eins og raunin er með ál og kísiljárn þá er fjarlægð Íslands frá helstu mörkuðum í Evrópu og Norður Ameríku lítil og léttvæg.²⁶

Ókostir Íslands frá sjónarhorni fjárfesta geta verið tengdir sömu þáttum og kostirnir. Lega landsins er þannig í sumum tilfellum ókostur þar sem flutningskostnaður á vöru með takmörkuðum virðisauka getur vegið upp kostnaðarlega hagkvæmni við staðsetningu á Íslandi. Lítil heimamarkaður takmarkar sömuleiðis fjölda fjárfestingartækifæra en margir erlendir fjárfestar ákvarða staðsetningu sína út frá því aðgengi sem slík staðsetning skapar þeim að nærmaknaði. Þá getur langur afhendingartími og aukinn geymslukostnaður ásamt skorti á framboði aðfanga, eins og á iðnaðargasi og afurðum efnaiðnaðar, eyðilaggt ávinning af lægra raforkuverði og lágum fyrirtækjasköttum.

Þrátt fyrir framangreindar takmarkanir verður að telja að talsverð tækifæri séu framundan fyrir land og þjóð umfram það sem gilt hefur fram til þessa. Ástæðurnar eru bæði tengdar aðstæðum á Íslandi og aðstæðum á erlendum mörkuðum.

Raforkan kveikir áhuga erlendra fyrirtækja en samkeppnishæft verð dugir ekki eitt og sér til að þau taki ákvörðun um fjárfestingu á Íslandi

Aðstæður á Íslandi og á erlendum mörkuðum skapa margvísleg tækifæri

26 Iðnaðarráðuneytið, apríl 2009: Ívilnanir til eflingar fjárfestingum í atvinnurekstri. Skýrsla starfshóps

3.1 AÐSTÆÐUR Á ÍSLANDI

Aðild Íslands að EES getur gert Ísland að ákjósanlegri staðsetningu fyrir aðila sem t.d. koma frá Ameríku og vilja tryggja sér hagkvæmari aðgang að Evrópumarkaði gegnum Ísland.

Efnahagshrunið með 50% gengisfellingu krónunnar hefur gert Ísland verulega samkeppnishæft kostnaðarlega, a.m.k. til skemmri tíma.

Innviðir samfélagsins, einkum á suðvesturhorni landsins, hafa batnað verulega á undanförunum árum, þ.e. hvað varðar samgöngur, ljósleiðaratengingar og orkudreifingu.

Ljósleiðaratenging milli Íslands og Evrópu er orðin viðunandi með tveimur afkastamiklum strengjum (Farice og Danice).

Uppbygging hugbúnaðargeirans á Íslandi hefur gengið með miklum ágætum og farið er að bera á áhuga erlendra aðila um klasasamstarf við íslensku fyrirtækin.

Yfirvöld hafa áhuga á að skapa aukna möguleika fyrir lítil og meðalstór orkuháð fyrirtæki með lækkuð stóriðjuþróskuldar fyrir dreifingu orku í gegnum Landsnet og auknum möguleikum til beintengingar við jarðvarmaveitur, sbr. frumvarp til laga um endurskoðun raforkulaga.

Ferðatengdar fjárfestingar munu á næstu árum miðast í ríkari mæli við fjárfestingu í afþreyingu og lengri dvöl á sama stað fremur en gistingu eina og sér. Slíkt opnar möguleika fyrir fjölbætt samstarf við erlenda fjárfesta, sem í vaxandi mæli hafa sýnt áhuga á aðkomu að slíkum verkefnum (PrimaCare og Heilsuþorpið að Flúðum).

Sífelld betri flugsamgöngur til landsins, ásamt þeirri staðreynd að Ísland er á tímabelti mitt á milli Evrópu og Ameríku – sem auðveldar viðskiptasambönd.

3.2 AÐSTÆÐUR ERLENDIS

Orkuverð hefur farið ört hækkandi í nágrennalöndum og helstu samkeppnislöndum, einkum í Evrópu.

Eftirspurn eftir grænni orku fer vaxandi eftir því sem umhverfismál verða ofar á baugi vegna hnattrænnar hlýnunar jarðar. Skattlagning á útblástur fyrirtækja sem neyðast til að nýta jarðefnaeldsneyti en eru e.t.v. að öðru leyti með umhverfissvæna framleiðslu, eykur áhuga þeirra á flutningi starfsmanna til landa sem geta boðið upp á endurnýjanlega orku.

Efnahagshrunið 2008 hefur á margan hátt skapað breyttar aðstæður á alþjóðlegum mörkuðum og valdið því að ný tækifæri eru að skapast. Þannig hafa fjárfestar í Asíu sýnt aukinn áhuga á staðsetningu hér á landi vegna legu landsins milli Evrópu og USA.

Líkur eru taldar á bráðnun Norður-Íshafsins sem hefði í för með sér að sjóleiðin milli Evrópu og Asíu stýttist um allt að 40%. Við það gætu skapast ný tækifæri til fjárfestinga hér á landi innan næstu 5-10 ára.

Heilsutengd ferðaþjónusta færir í vöxt í heiminum og í kjölfarið eykst eftirspurn og áhugi á fjárfestingarverkefnum sem þessu tengjast.

Fjárfestingarstofa, nú fjárfestingarsvið Íslandsstofu - hefur unnið og mótað áherslur sínar í samræmi við framangreinda þróun og forgangsraðað verkefnum og kynningarstarfi með það að leiðarljósi að fjárfestingartækifærin uppfylli sem best eftirfarandi meginskilyrði, þ.e. þau:

þjóði upp á sem mestan virðisauka innanlands í gegnum framleiðsluferlið

hafi hlutfallslega mikla atvinnusköpun í för með sér og hátt hlutfall verðmætra starfa

geti leitt af sér nýja þekkingu og eflir rannsóknir og þróun með tilvist sinni

feli í sér ný eða æskileg tækifæri og styrki þá innlendu starfsemi sem fyrir er

séu arðsöm og talin geta skilað hlutfallslega miklum tekjuskatti og stækkað þar með þjóðarkökuna

séu umhverfissvæn og beiti nýjustu tækni við starfsemi sína

auki fjölbreytni í íslensku atvinnulífi

EES aðild, hagstætt gengi, góðir innviðir, breytingar á raforkulögum, uppbygging heilsutækni og samgöngur styrkja stöðu Íslands

Hækkandi orkuverð og aukin umhverfisvitund með vaxandi eftirspurn eftir grænni orku eru meðal þátta sem bæta samkeppnisstöðu Íslands

Fjárfestingarsvið byggir á styrkleikagreiningum og sækist eftir fjárfestingum sem auka fjölbreytni, bjóða upp á sem mestan virðisauka, verðmæt störf, nýsköpun og þekkingu, styrkja innlendu starfsemi, eru arðsöm og umhverfissvæn

3.3 SAMKEPPNISGREININGAR

Fjöldi samkeppnisgreininga sem unnar hafa verið að frumkvæði verkefnisstjórnar Fjárfestingarstofu undanfarin ár sýna með ótvíræðum hætti að Ísland hefur að öðru jöfnu tækifæri til að laða að fjárfestingartækifæri sem uppfylla framangreind skilyrði.

Hér á eftir er tekið saman stutt yfirlit yfir skýrslurnar og helstu niðurstöður þeirra:

Koltrefjar

Production of carbon fibers in Iceland: Comparison with production cost in Scotland and in Germany (2007)

Iðntæknistofnun vann árið 2007, að frumkvæði Fjárfestingarstofunnar, samanburðarathugun á kostnaðarlegri samkeppnishæfni koltrefjaframleiðslu hér á landi í samstarfi við írsku ráðgjafann Vince Kelly. Stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að framleiðslukostnaður hér á landi væri á bilinu 15-25% lægri en í viðmiðunarlöndunum. UB Koltrefjar ehf. sem stofnað var m.a. til undirbúnings koltrefjaframleiðslu hér á landi komst að sömu niðurstöðu. Það er sem stendur í sambandi við leiðandi framleiðanda á þessu sviði um uppsetningu koltrefjaverksmiðju hér á landi, þegar markaðir hafa jafnað sig á efnahagshruninu 2008.

Orkuþörf koltrefjaverksmiðju er á bilinu 10-15 MW og beinn starfsmannafjöldi yrði á bilinu 60-100. Þar af væru 15-20% menntaðir sérfræðingar og tæknimenn.

Efnaferlar

Diversified Usage of Renewable Energy in Iceland (2009)

Investum ráðgjafafyrirtækið rannsakaði samkeppnishæfni Íslands fyrir framleiðslu á ýmiskonar efnaferlum sem hentað gætu til umhverfisvænnar nýtingar orkustrauma jarðvarmaveitna. Samkvæmt niðurstöðum Investum væri framleiðsla á klór, sodium klorate og lithium málmí einkar hentug hér á landi.

Chemical Investments in Iceland (2010)

Svissneska fyrirtækið Prochemics Ltd. gerði lauslega greiningu á klórbyggðum efnaferlum til frekari dýpkunar á úttekt Investum. Þeir benda á að Ísland sé mjög samkeppnishæft í grænni raforku og gufu. Af þessum sökum leggja þeir m.a. til að áhersla verði lögð á að laða til landsins starfsemi í tengslum við efnaferla til vatnshreinsunar og framleiðslu á hreinkísil.

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu hóf kynningu á þessum niðurstöðum í evrópska efnaiðnaðinum á síðasta ári. Framleiðandi á sodium klorate og annar framleiðandi á hreinkísil eru sem stendur að íhuga staðsetningu á starfsemi hér á landi.

Orkuþörf þessara fyrirtækja er misjöfn og háð stærð þeirra. Flest þeirra myndu hafa þörf fyrir 25-70 MW. Sodium Klorate verkefnið þyrfti um 50 MW og 60 starfsmenn og hreinkísilframleiðslan þyrfti um 60 MW og 350 starfsmenn í fyrsta áfanga, þar af um 30% háskóla- og tæknimenntaða.

Minkarækt

Í kjölfar örra framfara í íslenskri minkarækt og mikils áhuga minkabænda á samstarfi við erlenda kollega um uppbyggingu, hefur Fjárfestingarsvið safnað upplýsingum um stöðu greinarinnar hér á landi og samanburð við helstu samkeppnislönd sem eru Danmörk og Holland.

Samkvæmt öllum gögnum sem fyrir liggja er Ísland eitt allra hagkvæmasta framleiðslulandið á þessu sviði: Afurðarverð er með því hæsta sem þekkist vegna mikilla gæða, framleiðslukostnaður er einna lægstur hér á landi, fódurstöðvar eru vannýttar, landrymi er fyrir hendi, sjúkdómar eru svo til óþekktir og úrgangur frá minkabúum er nýttur til áburðar á óræktartún.

Í Danmörku og Hollandi er sótt að þessari atvinnugrein þar sem hún á illa við í þessum þéttbýlu löndum og því er m.a. mjög kostnaðarsamt að losna við úrgang, afla fódurs o.s.frv.

Talið er að 2-3 stöðugildi þurfi til að sinna ca. 1.500 læðum. Rekstur af þessu tagi fellur því afar vel að starfsemi í dreifbýli, skapar miklar gjaldeyrstekjur (ca. 1 milljarður árið 2010) og talið að unnt sé að tífalda núverandi framleiðslu sem þá gæti aukið atvinnu á landsbyggðinni um allt að 200-300 störf.

Rannsóknir benda til að framleiðslukostnaður koltrefja á Íslandi sé mjög samkeppnishæfur

Þrátt fyrir mikil tækifæri hér á landi hefur ekki byggst upp efnaiðnaður sem myndi verða lyftistöng fyrir aðrar atvinnugreinar

Ísland er meðal allra hagkvæmasta framleiðslulanda fyrir minkaskinn og í Danmörku og Hollandi er vaxandi áhugi á fjárfestingum eða samstarfi

Gróðurhús í iðnaðarskala

Frá árinu 2003 hefur Fjárfestingarstofan reglulega látið samkeppnisgreina Ísland með tilliti til matvælaframleiðslu í risagróðurhúsum (allt að 100.000 m²). Samkeppnishæfnin hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár vegna hækkandi orkuverðs erlendis og aukinnar ásóknar í framleiðslu sem ekki notar skordýraeitur til að halda sníkjudýrum í skefjum.

Fyrirliggjandi drög að breytingum á raforkulögum gera ráð fyrir heimild til beintengingar við jarðvarmaveitur og lækun á skilgreiningu á stóriðjutaxta fyrir orkudreifinguna, en hvoru tveggja mun auka samkeppnishæfnina umtalsvert.

Nokkrir aðilar hafa sýnt fjárfestingarverkefni af þessu tagi áhuga en ótti innlendra aðila við samkeppni frá svo stórum og hagkvæmum framleiðanda sem þessi viðskiptahugmynd gerir ráð fyrir, hamlar því m.a. að verkefninu sé hrundið í framkvæmd.

Gróðurhús upp á 100.000 m² þarf 14 MW af raforku en nýtir jafnframt heitt og kalt vatn auk koltvísýrings. Í húsum af þessari stærð má reikna með vinnu fyrir á bilinu 60-100 manns sem háð er því hversu langt er stefnt í þökkun, úrvinnslu og flokkun.

Gagnaver

Benchmarking Study on Iceland as a Location for Data Centre Activity (Mai 2007)

Unnin var greining á samkeppnishæfni Íslands árið 2007 að frumkvæði Fjárfestingarstofu og í samstarfi við orkufyrirtækin, íslensku símafyrirtækin og samtök upplýsingatæknifyrirtækja. Þar kemur fram að Ísland stendur viðmiðunarlöndunum (Indland, USA, UK) langtum framar í kostnaði og nokkurn veginn jafnfætis þeim bestu í gæðum.

McKinsey ráðgjafafyrirtækið hefur síðan reiknað það út að m.v. 15 MW rafmagnsnotkun og meðaltalskostnað í Evrópu, sé sparnaður gagnavera um 17 milljónir dollara á ári eða 16% heildarkostnaðar séu þau staðsett á Íslandi. McKinsey gefur Íslandi jafnframt hæstu einkunn af þeim löndum sem einna helst eru talin koma til greina fyrir staðsetningu gagnavera í framtíðinni.

Með nýtilkominni breytingu VSK-laganna er talið að mörgum hindrunum hafi verið rutt úr vegi fyrir uppbyggingu gagnaversiðnaðar hér á landi.

Orkuþörf gagnavera er breytileg eftir stærð þeirra og þjónustustigi en ætla má að meðal orkuþörf sé á bilinu 15-25 MW. Orkuþörfin getur þó orðið umtalsvert meiri enda gera áætlanir Verne Global, sem nú undirbýr sinn rekstur hér á landi, ráð fyrir framtíðarstækkun upp í allt að 100 MW. Atvinnusköpun er 1-4 stöðugildi pr. MW, háð tegund og eðli starfseminnar.

Tölvuleikjaframleiðsla

Making Iceland competitive in attracting foreign videogame company investment (Jan. 2011)

Jess Mulligan, ráðgjafi á sviði tölvuleikjaframleiðslu, skoðaði nýlega samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði og bar hana saman við samkeppnishæfni Bretlands, Svíþjóðar og Kanada í atvinnugreininni. Niðurstöðurnar eru ótvíræðar. Kanada hefur ótvírætt forskot vegna þeirra ívilnana sem fyrirtæki í þessum geira njóta, en yfirvöld í Kanada settu sér fyrir allmörgum árum markmið um að byggja upp tölvuleikjaiðnað þar í landi.

Skýrsluhöfundur telur eigi að síður að tækifæri séu til að laða að ákveðna tegund tölvuleikjafyrirtækja til Íslands og jafnvel með erlenda starfsmenn innanborðs. Helst kemur til greina að hans mati að fá inn fyrirtæki á sviði „online, mobile and social games“. Þetta eru gjarnan lítil og sveigjanleg fyrirtæki (6-15 starfsmenn) og með hlutfallslega mikla rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Helsti veikleiki okkar er þó talinn vera skortur á menntuðu fólki til starfa í þessari atvinnugrein og því er lögð áhersla á að samræma atvinnuuppbyggingu á þessu sviði við langtíma uppbyggingu menntunar til að tryggja starfsfólk. Jafnframt er talið nauðsynlegt að gera búsetu og starf erlendra sérfræðinga meira aðlaðandi með tímabundnum skattaívilnunum í anda þess sem flest þróuð ríki stunda, einkum og ekki síst í kjölfar efnahagskreppunnar.

Hækkandi orkuverð og aukin ásókn í framleiðslu þar sem ekki er notast við skordýraeitur skapar Íslandi sóknarfæri á sviði stórræktunar í gróðurhúsum

Erlendir greiningaraðilar eru sammála um að náttúrlegar aðstæður á Íslandi séu einhverjar þær bestu í heimi fyrir rekstur gagnavera.

Íslendingar gætu eftt og þróað tölvuleikjaframleiðsluna hér á landi með því að laða erlenda aðila til samstarfs íslenska og með því að styðja við menntun á þessu sviði. Auka þyrfti skattaívilnanir erlendra sérfræðinga.

Líftækni

Assessment of the Icelandic Biotech System (Strategro International LLC feb. 2007)

Úttekt þessi var framkvæmd fyrir AVS og Samtök líftæknifyrirtækja á Íslandi. Þar kemur fram að skortur á stefnumörkun, stærð, sérhæfðu starfsfólki og samstarfi opinberra aðila, háskóla og einkaaðila séu helstu hindranir fyrir vexti líftæknigeirans á Íslandi.

Á sama hátt er það álit skýrsluhöfunda að Ísland eigi mjög góða möguleika til vaxtar á ýmsum sviðum líftækni. Bent er á að við eigum jarðvarma, sjávarfang, aðlaðandi einkaleyfisumhverfi og frambærilega háskóla með hæfu fólki.

Ljóst er því að hér er um óplægðan akur að ræða en ekki er að búast við árangri nema í gegnum langtíma stefnumörkun stjórnvalda og aðgerðaáætlun til uppbyggingar.

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu hefur fengið áhugaverðar fyrirspurnir á þessu sviði, svo sem í tengslum við þörungarækt fyrir fæðubótarefni og framleiðslu á heilsusalti. Bæði þessi verkefni eru í vinnslu hjá erlendum fjárfestum með aðstoð fjárfestingarsviðs Íslandsstofu.

Skattar sem samkeppnistæki

How Iceland can underpin FDI through tax incentives?

Mörg lönd hafa nýtt sér skattaumhverfi sitt til að laða að fjármálaþjónustu af ýmsu tagi.

Sammerkt er með þessari tegund starfsemi að hún er tiltölulega kvik, þ.e. breytist samkeppnisskilyrðin, hverfur hún annað. Jafnframt er um að ræða starfsemi sem byggir á sérfræðiþjónustu vel menntaðra einstaklinga og síðast en ekki síst skapar hún umtalsverðar skatttekjur þó jaðarskattar séu hafðir hlutfallslega lágir.

PricewaterhouseCoopers í Belgíu vann skýrslu í maí 2008 um það hvort og hvernig Ísland geti laðað að sér beina erlenda fjárfestingu með ívilnunum. Þó skýrslan hafi verið unnin fyrir bankahrún eru öll meginsjónarmið og niðurstöður ennþá í fullu gildi.

Í skýrslunni er bent á a.m.k. þrenns konar starfsemi sem Ísland ætti að horfa til með það í huga að laða hingað til lands. Þar er um að ræða: Fjármálaþjónustu alþjóðlegra fyrirtækja sem sjá um fjármögnun sína í gegnum eigin lánastofnun, umsýslufélög fyrir einkaleyfisþóknun og „royalties“ og félög sem sinna alþjóðlegri skipaskráningu.

Ýmissa úrbóta er talið þörf en engar þeirra eru óyfirstíganlegar. Á það er einmitt bent að litlar þjóðir geti haft einna mestan hag af því að nýta skattkerfi sitt með þessum hætti, enda sé slíkt gert með gegnsæjum og ábyrgum hætti í anda alþjóðsamninga og skuldbindinga.

Jarðvarmi, sjávarfang, aðlaðandi einkaleyfaumhverfi, og háskólamenntað fólk er meðal þess sem vekur áhuga fjárfesta og fyrirtækja á sviði líftækni

Litlar þjóðir hafa mikinn hag af því að nýta skattkerfi sitt til að laða til sín alþjóðleg fyrirtæki enda sé það gert með gegnsæjum og ábyrgum hætti og í anda alþjóðsamninga og skuldbindinga

3.4 LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

Starfshópurinn telur að samkeppnishæfni Íslands sé helst á sviðum sem tengjast hreinu umhverfi, hreinni orku, menntuðu og skapandi starfsfólki, landrými og góðu skipulagi samskiptakerfa. Auk þess býður Ísland öruggt, heilnæmt og fjölskylduvænt umhverfi sem kann að vera eftirsóknarvert, að öðru jöfnu, fyrir sérfræðinga sem æskilegt er að laða til landsins.

Í ljósi þeirrar langtímastefnumótunar sem unnin hefur verið í atvinnu- orku- og menntamálum og þeirrar greiningar sem unnin hefur verið á samkeppnishæfni Íslands leggur starfshópurinn til eftirfarandi viðmið fyrir mat á því hvað telst vera æskileg bein erlend fjárfesting. Æskilegt er að hún:

- þjóði upp á sem mestan virðisauka innanlands í gegnum framleiðsluferlið
- hafi hlutfallslega mikla atvinnusköpun í för með sér og hátt hlutfall verðmætra starfa
- geti leitt af sér nýja þekkingu og efli rannsóknir og þróun
- feli í sér ný tækifæri eða tækifæri sem talin eru æskileg til styrkingar innlendra starfsemi sem fyrir er
- sé arðsöm og talin geta skilað hlutfallslega miklum skatttekjum
- sé umhverfisvæn og beiti nýjustu tækni við starfsemi sína
- ýti undir fjölbreytni atvinnulífsins
- falli vel að ímynd Íslands

Í þessu felst meðal annars að ekki verði sóst eftir frekari beinni erlendri fjárfestingu til nýrra álvera, meðal annars vegna þess að frekari fjárfestingar á því sviði eru áhættusamar fyrir íslenskt efnahagslíf í ljósi einhæfni í atvinnulífinu. Að auki byggir arðsemi álvera að verulegu marki á stærðarhagkvæmni og því er skynsamlegra að stækka þær einingar sem fyrir eru en að bæta við nýjum.

Í kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu leggur starfshópurinn til að áhersla verði lögð á starfsemi sem:

- er þekkingarmiðuð og beitir nýjustu tækni
- er umhverfisvæn í þeim skilningi að ekki sé um að ræða loftmengun, jarðvegsmengun eða vatnsmengun
- er orkuháð og greiðir hlutfallslega hátt verð fyrir orku
- þarf hlutfallslega mikið landrými
- byggir á styrkleikum lands og þjóðar svo sem viðskiptasamningum, umhverfi, legu landsins, auðlindum og menntun

Undir þessar áherslur fellur meðal annars margskonar iðnaður sem er orkuháður og byggir á nýrri tækni, hugbúnaðariðnaður, gagnaver, skapandi greinar, þjónustuiðnaður, heilsutengd ferðmennska og líftækniiðnaður.

Samnefnarar fyrir þessi svið er orka, náttúra og þekking.

Í ljósi stefnumótunar í atvinnu-, orku- og menntamálum eru lögð til átta viðmið um mat á því hvað sé æskilegasta beina erlenda fjárfestingin fyrir Ísland

Lagt er til að ekki verði sóst séstaklega eftir frekari beinni fjárfestingu í álverum

Leggja ber áherslu á starfsemi sem er þekkingarmiðuð, umhverfisvæn, orkuháð, þarf landrými og nýtir styrkleika landsins svo sem viðskiptasamninga, umhverfi, legu, auðlindir og menntun



4 AUKIÐ FRUMKVÆÐI VIÐ AÐ NÁLGAST MÖGULEGA FJÁRFESTA OG FYRIRTÆKI

Í erindisbréfi beindi ráðherra því sérstaklega til starfshópsins að fjalla um aukið frumkvæði við að nálgast mögulega fjárfesta og fyrirtæki.

Öll nágrannalönd okkar reka stofnanir sem hafa það markmið að laða að beina erlenda fjárfestingu.

Verkefni tengd markaðs- og kynningarstarfsemi tengd beinni erlendri fjárfestingu eru fjölþætt og fela meðal annars í sér:

almenna markaðssetningu lands og kynningarstarf

sölutengd verkefni: fyrirtækjaheimsóknir, fyrirlestra, svæðaheimsóknir og atvinnugreinaráðstefnur

upplýsingagjöf: almenn og sértæk tengslamiðlun

Hjá mörgum fjárfestingarstofum felst starfsemin að auki í undirbúningi skipulagsmála, útvegum húsnæðis, uppbyggingu innviða fyrir iðngarða, leyfisveitingum og aðstoð við umsóknir fyrir ívilnanir.

Fjárfestingarstofur eru almennt fyrsti viðkomustaður fjárfesta sem skoða viðkomandi land sem fjárfestingarkost. Hlutverk þeirra er því að veita upplýsingar, ráðgjöf og aðstoða fjárfesta í samskiptum við innlenda hagsmunaaðila.

Vinna við að laða beina erlenda fjárfestingu til Íslands er lítil og brotakennd í samanburði við nágrannalönd okkar. Stefnumörkun er óljós, málefnið fær mjög lítið fjármagn og í öfugu hlutfalli við þörf, starfskraftar eru mjög takmarkaðir, skipulag er óskilvirkt og árangursmælingum er ábótavant.

Sérfræðingar frá PricewaterhouseCooper í Belgíu gerðu úttekt á stöðu málaflokksins á Íslandi og birtu ítarlega skýrslu í ágúst 2010. Skýrsla sérfræðinganna var m.a. byggð á viðtölum við aðila innan stjórnarsýslu, Aþingis og atvinnulífs. Meginniðurstaða þeirra er að þrátt fyrir að fjárfestingasvið Íslandsstofu standi sig sérstaklega vel miðað við aðstæður og sýni metnað og frumkvæði í kynningar- og markaðsstarfi þá sé umgjörð starfseminnar stórlega ábótavant.

Fjárfestingarstofur sinna markaðssetningu og kynningarstarfi, skipuleggja heimsóknir og ráðstefnur, miðla upplýsingum og koma á tengslum

Í skýrslu sérfræðinga PwC Belgíu kemur fram að umgjörð um kynningarstarf vegna erlendra fjárfestingar sé ábótavant

Á árunum 1995-2004 störfuðu tvær skrifstofur sem höfðu það meginhlutverk að draga beina erlenda fjárfestingu til Íslands. Annars vegar MIL (Markaðsstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar), með fjóra starfsmenn sem sinntu markaðssetningu á Íslandi fyrir stóriðju og Fjárfestingarstofan – almennt svið sem hafði fjóra starfsmenn sem sinntu kynningu á Íslandi fyrir öll önnur fjárfestingartækifæri. Þá stóð Aflvaki Reykjavíkur einnig fyrir viðamikilli kynningu á Reykjavík í samstarfi við báðar ofangreindar fjárfestingarstofur þannig að segja má að allt að ellefu starfsmenn hafi sinnt þessum verkefnum fram til ársins 2004.

Með breyttum samkeppnislögum á orkumarkaðinum árið 2004 var MIL lögð niður og færðist þá markaðs- og kynningarstarfið vegna orkufrekra fjárfestingartækifæra sjálfkrafa yfir til Fjárfestingarstofu, sem jafnframt var færð á rekstrarlega ábyrgð Útflutningsráðs með sérstökum samstarfssamningi milli viðskiptaráðuneytisins og ráðsins.

Sá starfsrammi sem búinn hefur verið markaðs- og kynningarstarfi fyrir beina erlenda fjárfestingu frá árinu 2004 og fram til þessa dags, byggir í stórum dráttum á eftirfarandi staðreyndum:

Starfsemin hefur einungis verið skilgreind sem verkefni með sérstakri kennitölu. Fjárfestingarsvið Íslandsstofu hefur því ekki stöðu sem sérstök eining innan stjórnkerfisins á borð við Nýsköpunarmiðstöð, Orkustofnun og fleiri aðila. Stjórnábyrgð staða málaflokksins á fjárlögum er því afar veik.

Fjármögnun byggir á 14% hlutdeild af markaðsgjaldi og hefur numið 45-55 milljónum ISK á ári að jafnaði ásamt beinu framlagi af fjárheimildum iðnaðarráðuneytisins (nú kr. 17.3 milljónir ISK) sem var óbreytt að krónutölu á árunum 1995-2007 (kr. 15 milljónir), en hefur síðan tekið árlegum verðlagsbreytingum (2007-2010).

Stöðugildi við markaðs- og kynningarstarf hafa verið 2-2.5 en Fjárfestingarstofan hefur jafnframt annast kynningu á ívilnunum til kvikmyndagerðar með hálfu stöðugildi. Framlög til þessa kynningarstarfs hafa síðustu tvö árin numið kr. 6 milljónum en voru án framlaga á árunum 2004-2007.

Mikil lækkun á gengi íslensku krónunnar samfara lækkun markaðsgjalds vegna samdráttar í efnahagslífinu hefur minnkað „kaupmátt“ framlaga til Fjárfestingarstofu svo nemur tugum prósentu undanfarin tvö ár.

Fjárfestingarstofan, nú fjárfestingarsvið Íslandsstofu, hefur á undanförunum árum unnið eftir svohljóðandi leiðarljósi:

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu leitast við, á grundvelli sérstaks samkomulags við ríkisstjórn Íslands, að laða að beina erlenda fjárfestingu til landsins í gegnum kynningar- og markaðsstarf sitt. Fjárfestingarsvið aðstoðar erlenda fjárfesta með því að veita hágæða þjónustu á öllum þeim sviðum sem nauðsynleg eru til að fjárfestirinn geti metið Ísland sem fýsilega staðsetningu fyrir væntanlega nýfjárfestingu. Til að auka árangur sinn enn frekar, mun fjárfestingarsvið greina og mæla samkeppnishæfni Íslands varðandi erlendar nýfjárfestingar í ákveðnum atvinnugreinum, sem búast má við að séu áhugaverðar fyrir atvinnuuppbyggingu á Íslandi, og sem fyrirfram má ætla að hefðu hag af staðsetningu hér á landi. Þá mun fjárfestingarsvið leitast við að upplýsa íslensk stjórnvöld á hverjum tíma um þörf fyrir lagaumbætur sem æskilegar eru til að örva beina erlenda fjárfestingu.

Fjárfestingarákvarðanir eru tæknilegs eðlis og krefjast ítarlegra úttekta á staðháttum og því þurfa árangursríkar fjárfestingarstofur að geta veitt ítarlegar, tæknilegar upplýsingar um staðhætti fyrir hvert verkefni um sig. Þetta er mannfrek starfsemi og krefst stoðeildarþjónustu til að unnt sé að veita sem besta upplýsingagjöf hverju sinni. Þess vegna er rík ástæða til að setja á fót formlegt samstarf fjárfestingarsviðs Íslandsstofu við stoðkerfi atvinnulífsins út um allt land, þannig að fjárfestingarsvið hafi stjórnunar- og samhæfingarhlutverk en miðstöðvar stoðkerfisins verði markaðsskrifstofur sinna svæða og sjái fjárfestingarsviði fyrir staðbundnum upplýsingum og kynningarefni.

Fram til ársins 2004 unnu allt að 11 starfsmenn við að laða beina erlenda fjárfestingu til Íslands á vegum þriggja aðila


Fjárfestingarsvið Íslandsstofu er ekki sérstök eining innan stjórnkerfisins, stjórnábyrgð staða málaflokksins er veik og stöðugildi við markaðs- og kynningarmál aðeins verið 2 til 2,5

Þar sem árangur byggist á mannafla og sérhæfðri upplýsingagjöf er rík ástæða til að koma á formlegi samstarfi fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og stoðkerfis atvinnulífsins út um allt land


Í úttekt PricewaterhouseCoopers frá árinu 2010 er að finna samanburð á umfangi, fjármögnun og mönnun milli Íslands, Möltu, Svíþjóðar og Flanders þar sem kemur fram að Ísland stendur þessum svæðum langt að baki varðandi umgjörð og fjármagn sem varið er til þessa málaflokks, hvort sem horft er á krónutölu pr. íbúa eða heildarfjárhæðir. Annar ókostur er að framlögin lækka í kreppuástandi, þegar mest þörf er á beinni erlendri fjárfestingu. Þá er fyrirkomulag fjármögnunar með þeim hætti að erfitt er að gera langtímaáætlanir. Viðmælendur voru sammála um að árangur fjárfestingarsviðs Íslandsstofu væri eftirtektarverður í þessu ljósi.

Starfsmenn fjárfestingarsviðs Íslandsstofu hafa lengst af verið þrjú talsins þar sem hálfst stöðugildi er bundið við kynningar á ívilnunum vegna kvikmyndagerðar. Enginn fjárhagslegur grundvöllur er fyrir fastri starfsemi utan Íslands eins og sakir standa. Frá 1. mars 2011 hefur starfsmönnum verið fjölgað í fjóra og er þá horft til ákveðinna verkþátta sem mynda samlegð með annarri starfsemi Íslandsstofu (vefsíðugerð, gerð kynningarefnis o.fl.)

Borið saman við þrjár árangursríkar fjárfestingarstofur stendur Ísland langt að baki hvað varðar umgjörð og fjármagn, hvort sem miðað er við heildarfjárhæðir eða deilt á íbúafjölda





Í töflunni er yfirlit yfir fjölda starfsmanna sem starfa að kynningar- og markaðsstarfi fyrir beina erlenda fjárfestingu. Bláa súlan táknar fjölda starfsmanna sem starfa hjá fjárfestingarstofum landanna og sú rauða táknar fjölda starfsmanna sem einungis vinnur að kynningar- og markaðsstarfi fyrir beina erlenda fjárfestingu.



Hér sést fjöldi starfsmanna á hverja 100.000 íbúa í þessum fjórum löndum. Ekki kemur á óvart að Malta hefur hlutfallslega fleiri starfsmenn á þessu sviði en Flanders eða Svíþjóð þar sem smærri hagkerfi verja almennt hlutfallslega mun meira fjármagni og fleiri starfsmönnum til málaflokksins en þau sem stærri eru. Hins vegar er áberandi hversu fáir starfsmenn koma að málaflokknum á Íslandi.

Smærri hagkerfi verja almennt hlutfallslega meira fjármagni og fleiri starfsmönnum til að laða að beina erlenda fjárfestingu



Hér sjást fjarframlög til fjárfestingastofa (bláa súlan) og til kynningar- og markaðsstarfs fyrir beina erlenda fjárfestingu (rauða súlan) á Íslandi og í viðmiðunarríkjunum í evrum.

Eins og sést á súluritunum verja Svíþjóð og Flanders svipuðum fjárhæðum til að laða að beina erlenda fjárfestingu. Líklega er eðlilegast að bera saman Ísland og Möltu vegna stærðar hagkerfa þeirra, en á Möltu veita þeir um það bil fimm sinnum hærra fjárhæð til þessa málaflokks á hvern íbúa en Íslendingar (Ísland 1.44 evrur. Malta: 7.16 evrur).

Í stuttu máli þá er niðurstaða PwC í Belgíu sú að núverandi umfang fjárfestingarsviðs á Íslandi sé langt frá því að vera viðunandi, auk þess sem fyrirkomulag fjármögnunar sé óheppilegt þar sem hún sveiflast í öfugu hlutfalli við þörfina fyrir umsvif.

Þeir leggja til að fimmfalda skuli bæði mannafla og fjármagn til þessa málaflokks á Íslandi og breyta fjármögnun markaðs- og kynningarstarfsins yfir í fasta árlega upphæð sem tekur mið af gengisþróun, viðskiptaáætlun fjárfestingarsviðs og innlendum verðlagsbreytingum.

4.1 LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

Starfshópurinn undirstrikar að auka þarf bæði mannafla og fjármagn til þessa málaflokks.

Aukinn árangur liggur ekki síst í vandaðri undirbúningsvinnu og markvissum heimsóknum til fyrirtækja sem fyrirfram er talið vænlegt að laða til landsins. Þessi hluti starfsins krefst meiri mannafla og fjármuna en nú er fyrir hendi.

Samkeppni um beina erlenda fjárfestingu hefur vaxið í kjölfar kreppunnar. Eigi Ísland að verða sýnilegt þarf bæði að auka almenna og sértæka kynningu á Íslandi svo og þeim kostum sem landið hefur upp á að bjóða í fjárfestingarlegu tilliti.

Vaxandi þörf er á upplýsingum eða gagnabanka fyrir íslenska aðila sem leita fjárfestingarsamstarfs við erlenda aðila. Slík þjónusta var áður í höndum íslensku bankanna að mestu leyti en hefur lagst niður og færst að hluta til á herðar fjárfestingarsviðs.

Áhersla á aukinn fjölbreytileika í beinni erlendri fjárfestingu hefur í för með sér aukinn kostnað og mannafla við að markaðssetja og kynna Ísland fyrir atvinnugreinum og fyrirtækjum sem lítið sem ekkert þekkja til hér á landi.

PwC í Belgíu telur umfang fjárfestingarsviðs Íslandsstofu langt frá því að vera viðunandi auk þess sem fjármögnun sveiflist í öfugu hlutfalli við þörf hagkerfisins

Breyta þarf fjármögnun markaðs- og kynningarstarfsins yfir í fasta upphæð sem tekur mið af gengisþróun, áætlunum og verðbreytingum

Auka þarf bæði mannafla og fjármagn til málaflokksins

Ýmsar forsendur eru þó til þess að ekki þurfi að auka mannafla og fjármagn í þeim mæli sem PwC leggur til og kemur það til af eftirfarandi ástæðum:

Samkeppnishæfni Íslands liggur á tiltölulega fáum en augljósum sviðum og því er unnt að vinna markaðs- og kynningarstarfið tiltölulega stefnumiðað.

Unnt er að skapa samlegð með einstökum sviðum Íslandsstofu ef rétt er á málum haldið, einkum í tengslum við almennt markaðs- og kynningarstarf.

Starfshópurinn leggur til að starfsmönnum fjárfestingarsviðs verði fjölgað.

Þá er einnig lagt til að farið verði að tillögum PwC um fyrirkomulag fjármögnunar, sbr. hér að framan, og auk þess verði eftirfarandi aðferðarfræði hrint í framkvæmd til frekari styrkingar starfseminnar.

Tímabundin heimild að árlegri fjárhæð kr. 150 milljónum, verði veitt fyrir árin 2012-2016 að báðum árum meðtöldum, til viðbótar núverandi hlutdeild í markaðsgjaldi og beinu framlagi af fjárlögum. Með þessu móti verður heildarráðstöfunarfé til starfseminnar um 220 milljónir króna næstu 5 árin.

Lagt er til að þessi tillaga verði metin með hliðsjón af þeirri uppstokkun sem nú á sér stað í stoðkerfi atvinnuveganna. Því mætti e.t.v. hugsa þessi framlög sem hliðrun á því fjármagni sem veitt er til nýsköpunar byggðamála og atvinnuuppbyggingar almennt.

Samlegð við starfsemi einstakra sviða Íslandsstofu, einkum þau sem tengjast ímynd og orðspori, verði fest í sessi og ákveðinni hlutdeild í því fjármagni sem veitt er til þeirrar starfsemi verði veitt til almennrar markaðssetningar fjárfestingarsviðs.

Gerð verði starfs- og viðskiptaáætlun fjárfestingarsviðs til næstu 5 ára með skilgreindum markmiðum og árangursviðmiðunum sem endurskoðast árlega og er staðfest af fagráðherra að lokinni hverri endurskoðun.

Með framangreindum tillögum vill starfshópurinn leggja áherslu á að til þess að áform um að laða til landsins beina erlenda fjárfestingu verði að veruleika, þarf allt starf í þá veru að byggja á langtímahugsun, samfellu, lagaumhverfi sem byggir á stefnumörkun um málaflokkinn og samkeppnisumhverfi sem styður við þá stefnu. Síðan þarf fjármagn og mannafla til markaðsstarfs að fylgja í kjölfarið.

Lagt er til að starfsmönnum fjárfestingarsviðs Íslandsstofu verði fjölgað og ráðstöfunarfé starfseminnar aukið

Gerð verði starfs- og viðskiptaáætlun til næstu fimm ára með skilgreindum markmiðum, staðfest af fagráðherra



5 SAMSTARF STJÓRNSÝSLU, STOFNANA, SVEITARFÉLAGA OG HAGSMUNAAÐILA

Í erindisbréfi beindi ráðherra því til starfshópsins að leggja mat á samstarf stjórnsýslu, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila á borð við orkufyrirtæki.

Á grunni þeirra viðtala sem starfshópurinn tók og þeirra takmörkuðu gagna sem finna má um samstarf þessara aðila, þá er það mat starfshópsins að verulega skorti á samhæfingu og skilvirkni í samstarfi stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila þegar að kynningar- og markaðsstarfi fyrir beina erlenda fjárfestingu komi. Þetta gæti að hluta til stafað af ómarkvissri markmiðssetningu og að hluta verið tilkomið vegna ólíkra hagsmuna eða lélegs skipulags.

5.1 LANDSHLUTAFÉLÖG, IMPRA OG NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ

Fjármagn og mönnun í stuðningsumhverfi byggðapróunar og nýsköpunar er margfalt á við fjármögnun til eflingar beinnar erlendar fjárfestingar. Á Íslandi eru starfandi átta landshlutafélög með samtals um 32 starfsmönnum, við Impru og Nýsköpunarmiðstöð starfa liðlega 100 starfsmenn í Reykjavík og úti á landsbyggðinni og 20 starfsmenn starfa hjá Byggðastofnun²⁷. Starfsmenn fjárfestingarsviðs Íslandsstofu telja að einstök landsvæði séu mjög misvel búin til að taka á móti fyrirspurnum um hugsanlega staðsetningu einstakra fjárfestingartækifæra. Einnig verður það að teljast ókostur að svo til allt fjármagn Nýsköpunarmiðstöðvar er fast og nýtist því ekki til samstarfsverkefna við fjárfestingarsvið nema í formi vinnuframlags frá starfsmönnum stofnunarinnar. Með öðrum orðum þá fer nær allt fjármagn til að greiða laun en litlu fjármagni er varið í verkefni.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar frá desember 2010 kemur m.a. fram að á fjárlögum 2011 sé gert ráð fyrir kr. 1,1. milljarði til Nýsköpunarmiðstöðvar, atvinnuþróunarfélaga, Byggðastofnunar og byggðaaáætlunar. Jafnframt er lögð á það áhersla að stuðningskerfið hafi þróast án nægilega skýrrar stefnumörkunar, stuðningsaðgerðir ríkisins hafi verið dreifðar og handahófskenndar og að kostnaðar- og ábatagreiningu skorti við mat á stuðningi við atvinnu- og byggðapróun.

Þá kemur einnig fram í skýrslunni að verulega skorti á samstarf og samlegð af starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar og atvinnuþróunarfélaganna þar sem verkefni þeirra og starfssvið skarast oft á tíðum. Á Akureyri eru t.d. starfrækt útibú frá Nýsköpunarmiðstöð (4 stöðugildi) og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (4 stöðugildi), samtals átta stöðugildi. Ástæða er til að ætla að verkefni þeirra og starfssvið skarist að einhverju leyti.

Starfshópurinn telur út frá úttekt ríkisendurskoðunar að tilefni sé til að breyta áherslum og hliðra fjármagni yfir til markaðs- og kynningarstarfsemi fyrir beina erlenda fjárfestingu. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þeirra tiltölulega snöggu og skilvirku áhrifa sem BEF hefur á atvinnuuppbyggingu, nýsköpun og þekkingaröflun.

Verulega skortir á samhæfingu og skilvirkni í samstarfi stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila í kynningarstarfi vegna beinnar erlendar fjárfestingar

Einstök landsvæði eru misvel búin til að kynna sig sem staðsetningarkost auk þess sem nær allt fjármagn NMÍ er bundið og því lítið svigrúm til samstarfsverkefna

Starfshópurinn leggur til að fjármagn sé fært í markaðs- og kynningarstarfsemi fyrir beina erlenda fjárfestingu vegna jákvæðra áhrifa á atvinnuuppbyggingu, nýsköpun og þekkingaröflun

²⁷ Stuðningur við atvinnu- og byggðapróun: Ríkisendurskoðun, des. 2010

5.2 ORKUFYRIRTÆKI

Orkufyrirtækin taka ákvarðanir um sölu á orku til verkefna sem kunna að hafa mikil áhrif á umfang og eðli atvinnuuppbyggingar í landinu. Fyrstu fyrirspurnum erlendra fjárfesta er yfirleitt beint til fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og ef um orkuháð verkefni er að ræða er leitað eftir viðræðum við öll orkufyrirtækin þrjú. Þótt orkan sé sá þáttur sem gjarnan kveikir áhugann og aðgengi að henni, afhendingartími og verð vegi þungt þá ræðst endanleg ákvörðun um það hvort af nýfjárfestingu á Íslandi verði eða ekki af samspili margra þátta. Almenn viðskipta- og skattaumhverfi, tollamál og milliríkjasamningar, mögulegar ívilnanir, umhverfis- og leyfamál, skipulag, landrými, samgöngur og fleira kemur til skoðunar, með aðstoð og fulltingi fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og annarra aðila. Eins og fram kemur í kaflanum um stefnumótun vegna erlendra fjárfestinga er mikilvægt að sem flestir þættir spili saman og hlutverk hvers og eins sé skýrt enda geta hagsmunir stangast á og þá þarf að greiða úr því.

Núverandi stefna allra orkufyrirtækjanna er að hámarka eigin arðsemi, eins og eðlilegt er út frá viðskiptahagsmunum, með því að velja viðskiptavinum sem greiða hæsta orkuverðið og eru tryggir viðskiptavinir. Eins og rakið er í skýrslu starfshóps um orkustefnu þurfa þessi viðhorf ekki endilega að fara saman við þjóðhagslega hagsmuni um hámarksáhrif á heildarafrakstri af orkuauðlindunum með sem mestri beinni og óbeinni verðmætasköpun, innflutningi nýrrar þekkingar, atvinnustigi, skatttekjum, o.s.frv.

Ríki og sveitarfélög eiga öflug orkufyrirtæki. Þau gæta eðlilega margvíslegra hagsmuna, svo sem í atvinnumálum, skipulagsmálum og umhverfismálum. Eigendur geta m.a. nýtt eigendastefnu fyrir orkufyrirtækin til að skýra samspil mismunandi hagsmuna, forgangsraða og leggja línurnar um það hvers konar orkuháðum verkefnum sóst er eftir. Þannig getur eigendastefnan haft áhrif á verkefnaval orkufyrirtækjanna og þar með á beina erlenda fjárfestingu sem tengist orkuháðum verkefnum án þess að gengið sé gegn viðskiptalegum hagsmunum orkufyrirtækjanna sjálfra.

Starfshópurinn telur, af framangreindum ástæðum, eðlilegt að fela fjárfestingarsviði Íslandsstofu að hafa forgang um almennt markaðs- og kynningarstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu, þar með talið fyrir orkuháða starfsemi, enda er það allsstaðar skilgreint hlutverk slíkra stofnana að endurspegla stefnu stjórnvalda í þessum málaflokki. Þetta þýðir að koma þarf á formlegu og skilgreindu samstarfi á milli fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og orkufyrirtækjanna. Fjárfestingarsvið þarf að hafa starfsfólk og fjármagn til að veita þá þjónustu sem orkufyrirtækin þurfa og óska eftir. Hér er átt við almennt markaðs- og kynningarstarf en ekki sölu. Dæmi um samvinnu þar sem áhersla annars aðilans er á almennt kynningarstarf út frá heildarhagsmunum heillar atvinnugreinar á meðan hinn sér um sölu og markaðssetningu á sinni þjónustu er farsælt og virkt samstarf Íslandsstofu og leiðandi ferðaþjónustufyrirtækja.

5.3 STJÓRNSÝSLULEG STAÐA KYNNINGAR- OG MARKAÐSSTARFS FYRIR BEINA ERLENDA FJÁRFESTINGU

Fjárfestingarsvið Íslandsstofu byggir á stjórnsýslulegum tengslum við iðnaðarráðuneyti. Mjög er mismunandi undir hvaða ráðuneyti fjárfestingarstofur heyra í öðrum löndum en algengast er að þau hafi stjórnsýslutengsl annað hvort við atvinnumálaráðuneyti eða utanríkisráðuneyti. Í skýrslu PwC (2010) er bent á að ekki virtist skipta öllu máli undir hvaða ráðuneyti málaflokkurinn heyrði, svo fremi sem tengslin væru formleg, skilvirk og nán.

Gert er ráð fyrir endurskoðun samstarfssamnings iðnaðarráðuneytis og Íslandsstofu í kjölfar stofnunar Íslandsstofu hinn 1. júlí 2010. Slík endurnýjun hefur ekki farið fram enn sem komið er og því er ríkt tækifæri til að skýra samstarfið.

Starfshópurinn tekur heilshugar undir þá ályktun í skýrslu PwC að viðskiptaáætlun staðfest af fagráðherra sé nauðsynlegt verkfæri til að skapa fjárfestingarsviði það bakland og stefnu sem þarf til að ná árangri. Þar þurfi að koma fram lýsing á áherslum, umfangi, stefnu og markmiðum til nokkurra ára í senn og aðgerðabundin áætlun fyrir næsta fjárhagsár.

Þá var einnig bent á að stefnumörkun stjórnvalda varðandi atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu myndi skapa grundvöll að markvissari samskiptum við stjórnvöld um markmið, leiðir og árangur en verið hefur og bent á nauðsyn þess að reglubundnir og formlegir fundir séu haldnir með fagráðherra og ráðuneytisstjóra fagráðuneytis um einstök verkefni sem þarfnist stuðnings og aðstoðar stjórnvalda, svo sem til að ræða framgang stefnu og markmiða.

Orkufyrirtækin velja viðskiptavinum og verkefni út frá sínum viðskiptahagsmunum, eins og eðlilegt er, en sé reynt að meta þjóðhagslega hagsmuni eða hámarksáhrif á heildarafrakstri auðlinda geta aðrir þættir vegið þungt

Opinber eigendastefna gagnvart orkufyrirtækjunum nýtist til að skýra samspil mismunandi hagsmuna og forgangsraða verkefnum innan ákveðins ramma án þess að gengið sé gegn hagsmunum orkufyrirtækjanna

Eðlilegt er að fjárfestingarsvið Íslandsstofu hafi forgöngu um almennt markaðs- og kynningarstarf sem endurspeglar stefnu stjórnvalda

Starfshópurinn tekur undir það með PwC Belgíu að viðskiptaáætlun, staðfesta af fagráðherra, þurfi til að skapa fjárfestingarsviði bakland og stefnu

Fagráð fjárfestingarsviðs hefur ályktað sérstaklega um stöðu fjárfestingarsviðs í stjórnsýslulegu tilliti en þar kemur m.a. fram eftirfarandi:

Til þess að ná þessum meginmarkmiðum og byggja upp nauðsynlegt afl í starfsemi fjárfestingarsviðs leggur fagráð fjárfestinga áherslu á að Íslandsstofa skapi sterka og ótvíræða stöðu sem sameiginlegur vettvangur ólíkra hagsmunaaðila um fjárfestingarverkefni, hvort sem er innan stjórnsýslu, meðal erlendra fjárfesta, innlendra samstarfsaðila og/eða í nýsköpunar- og fræðasamfélaginu.

Fagráð fjárfestinga leggur áherslu á að hafa skýrt umboð ráðamanna landsins og beina tengingu við ráðherra í viðkomandi fagráðuneytum. Að öðrum kosti er ekki við því að búast, að markmið náist varðandi hlutverk og starfsemi Íslandsstofu á sviði beinna fjárfestinga erlendra aðila hér á landi. Mikilvægt er að fyrir hendi sé einhver skilgreindur aðili sem hefur með höndum samræmingarhlutverk í þessu umhverfi og geti skapað vettvang sem myndar upphaf að samstarfi ólíkra aðila. Af þeim sökum er kappkostað að umboðið sé skýrt og að Íslandsstofu verði gert kleift að vinna að framgangi og lausnum einstakra mála sem krefjast aðkomu stjórnsýslu eða annarra hagsmunaaðila.

5.4 LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

Starfshópurinn telur að vel fari á því að kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu falli undir starfsemi Íslandsstofu svo lengi sem tryggt er að þessi málaflokkur hafi sjálfstæði og vægi innan stofunnar. Í núverandi skipuriti Íslandsstofu er fjárfestingarsvið eitt af þremur megin sviðum.

Starfshópurinn telur að skerpa þurfi á stefnumörkun og framkvæmd hennar. Lagt er til að fjárfestingarsviði Íslandsstofu verði gert að gera stefnumarkandi áætlun til fimm ára um kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu og jafnframt verkáætlun til eins árs í senn með mælanlegum markmiðum. Ennfremur leggur starfshópurinn til að fagráðherra staðfesti bæði stefnumarkandi áætlun og verkáætlun með formlegum hætti.

Starfshópurinn telur að verulega skorti á samstarf milli fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og sveitarfélaga og stofnana sem starfa á tengdum sviðum. Þess vegna er lagt til að hafin verði kerfisbundin vinna í einstökum landshlutum við styrkleikagreiningu á svæðinu, almenna gagnaöflun fyrir mikilvæga þætti tengda fjárfestingarverkefnum, framsetningu slíkra upplýsinga og aðgerðaráætlun fyrir móttöku erlendra fjárfesta sem leita upplýsinga vegna hugsanlegrar staðsetningar á svæðinu.

Einnig er lagt til að komið verði á formlegum samstarfsvettvangi milli Nýsköpunarmiðstöðvar og fjárfestingarsviðs Íslandsstofu um val á sérgreindum samstarfsverkefnum þannig að allir þessir aðilar stefni að sama marki í kynningar- og markaðsstarfi fyrir (erlendar) nýfjárfestingar og leggi þá jafnframt fram fjármuni til slíkra verkefna

Það er mat starfshópsins að formlegt og virkt samstarf milli fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og orkufyrirtækjanna gæti ýtt verulega undir árangur í kynningar- og markaðsstarfi fyrir beina erlenda fjárfestingu. Þess vegna leggur starfshópurinn til að komið verði á formlegum samstarfshópi með þátttöku iðnaðarráðuneytis, fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og orkufyrirtækja með það að leiðarljósi að samhæfa viðhorf til vals á atvinnugreinum og forgangsröðun þannig að þjóðhagslegir hagsmunir séu tryggðir samfara hagsmunum orkufyrirtækjanna, en í mjög mörgum tilfellum geta hagsmunir einmitt farið saman. Meðal markmiða samstarfshópsins er að samhæfa kynningar- og markaðsstarf, auka upplýsingagjöf um verkefni og samstarfsaðila og koma í veg fyrir misvísandi skilaboð til mögulegra erlendra fjárfesta.

Fagráð fjárfestingarsviðs telur að Íslandsstofa eigi að vera sameiginlegur vettvangur ólíkra hagsmunaaðila um fjárfestingarverkefni og fjárfestingarsviðið þurfi bæði skýrt umboð ráðamanna og beina tengingu við viðkomandi fagráðherra og ráðuneyti

Skerpa þarf stefnumörkun og framkvæmd með áætlun til fimm ára sem staðfest er af fagráðherra

Hefja þarf styrkleikagreiningu landshluta og koma á formlegu samstarfi fjárfestingarsviðs og Nýsköpunarmiðstöðvar

Formlegt og virkt samstarfs fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og orkufyrirtækjanna mun bæta árangur verulega



VIÐAUKI I

STARFSEMI FJÁRFESTINGARSTOFA Í VIÐMIÐUNARLÖNDUM

Hér á eftir verður gerð örstutt grein fyrir starfsemi og uppbyggingu fjárfestingarstofa á Möltu, í Svíþjóð og Flanders í Belgíu. Úrdrátturinn byggir á skýrslu PwC í Belgíu (ágúst 2010).

MALTA

Mikilvægi beinnar erlendra fjárfestingar

Stuðningur við BEF á Möltu er mikill. Allir flokkar (bæði í stjórn og stjórnarandstöðu) sammælast um mikilvægi málaflokksins og lagasetningar um BEF eru einróma samþykktar á þinginu. Stjórnvöld á Möltu líta á BEF sem mikilvægasta tækið til að auka hagsæld og hamla gegn atvinnuleysi.

Starfsemi og uppbygging

Malta Enterprise vinnur eftir svipuðu fyrirkomulagi og Íslandsstofa. Af 115 starfsmönnum Malta Enterprise eru 44 starfsmenn í vinnu við BEF, en í drögum að endurskipulagningu Malta Enterprise sem nú er í gangi eru áform um fjölgun starfsmanna í 198 (óvíst er hve margir bætast við fjárfestingarsviðið). Fjárfestingarsviðið sér bæði um kynningu á landinu fyrir erlenda fjárfestingu sem og samningagerð og úthlutun á ívilnunum til fyrirtækja.

Samskipti við yfirvöld

Malta Enterprise vinnur að stefnumótun sinni innan ramma atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar -Vision 2015 og þegar stefnan hefur verið fullmótuð er ríkisstjórnin virkur þátttakandi í framkvæmd hennar.

Í stefnunni eru sett fram ákveðin markmið, t.d. a) aukin fjárfesting; b) minna atvinnuleysi; c) aukin alþjóðleg samkeppnishæfni o.s.frv. og ríkisstjórnin einsetur sér að gera það sem til þarf til að markmiðin náist.

Umfang og fjármunir

44 starfsmenn vinna á fjárfestingarsviði Malta Enterprise og skiptist sviðið í þrjár deildir. Sviðið hefur tvenns konar fjárveitingu: annars vegar rekstrarfjárveitingu upp á € 5,8 milljónir og hins vegar eru ívilnanir upp á € 10 milljónir.

SVÍÐJÓÐ

Mikilvægi beinnar erlendra fjárfestingar

Sænskir stjórnámálemenn eru orðnir vel meðvitaðir um mikilvægi BEF og í dag helst sænsk 'alþjóðavæðing' í hendur við BEF. Yfirvöld hafa séð að einfaldasta leiðin til þess að sænsk fyrirtæki geti orðið alþjóðleg er BEF.

Starfsemi og uppbygging

Invest Sweden er opinber stofnun undir utanríkisráðuneytinu (vildi frekar vera undir iðnaðarráðuneytinu því þeir sjá mun meiri samlegð við það ráðuneyti). Hjá Invest Sweden vinna 77 manns (þar af 35 á skrifstofum erlendis).

Samskipti við yfirvöld

Invest Sweden vinnur stefnumótun sína innan ramma atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar, en er óháð boðvaldi hennar. Ráðuneytið má ekki (samkvæmt lögum) hafa bein áhrif á ákvarðanir Invest Sweden, en getur haft óbein áhrif með úthlutun fjármuna.

Umfang og fjármunir

Á tveimur skrifstofum í Svíþjóð, þ.e. í Stokkhólmi (höfuðstöðvar) og Gautaborg, auk skrifstofa í Bandaríkjunum, Japan, Kína og Indlandi vinna 77 starfsmenn.

Invest Sweden fær fasta fjárveitingu frá utanríkisráðuneytinu upp á 60 milljónir SEK á ári og sækja um ca 30 milljónir í aukafjárveitingu. Að auki fær Invest Sweden fjárveitingu frá svæðisskrifstofum í Svíþjóð.

FLANDERS, BELGÍU

Mikilvægi beinnar erlendra fjárfestingar

Í Flanders er litið á BEF sem mikilvægan hluta efnahagslífsins. Um það bil helmingur af vergri landsframleiðslu í Belgíu kemur í gegnum BEF.

Starfsemi og uppbygging

Flanders Investment and Trade (FIT) er sjálfstæð stofa undir boðvaldi ráðherra. 'Rekstrarsamningur' til fjögurra ára er undirritaður milli FIT og flæmskra stjórnvalda um markmið, mat og fjárveitingar. FIT hefur 361 stöðugildi og yfir 90 alþjóðlegar skrifstofur, ca 30% starfsmanna vinnur að BEF.

Samskipti við yfirvöld

FIT er beint undir forseta flæmsku stjórnarinnar og ráðherra efnahags-, landbúnaðar- og utanríkismála (einn ráðherra). Ráðherrann kemur úr iðnaði og er mjög hlynntur BEF. FIT hefur 12 manna stjórn sem semur við ríkisstjórnina og stýrir stefnumótun.

Umfang og fjármunir

FIT hefur 361 stöðugildi á yfir 90 stöðum í heiminum, með höfuðstöðvar í Brussel. Fjárveitingar til FIT námu € 58,4 milljónum 2009 (30% til BEF). 90% af fjárveitingum koma frá flæmska ríkinu, restin er tilkomin vegna þátttöku einkafyrirtækja í kynningarstarfi.



Aðalsteinn Leifsson
Álfahvarfi 2
203 Kópavogi

ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvali 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
postur@idn.stjr.is
idnarraduneyti.is

Reykjavík 13. október 2010
Tilv.: IDN10100021/2.2.0

Efni: Skipun starfshóps um tillögugerð varðandi stefnu stjórnvalda í erlendar fjárfestingum

Íðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp sérfræðinga úr atvinnulífnum til að vinna samantekt og tillögur að stefnu stjórnvalda varðandi erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi.

Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, frá maí 2009, segir m.a. að lögð verði „*áhersla á að kortleggja sóknarfæri Íslands í umhverfissvænum iðnaði og ýta undir fjárfestingar með tímabundnum ívilnunum*“ og til að ná góðum og jöfnum hagvexti, sem sé forsenda fyrir nýjum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika á Íslandi, þurfi að „*stuðla að beinum erlendum fjárfestingum*“.

Í samræmi við þetta voru nýlega samþykkt á Alþingi lög nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Í athugasemdum við frumvarpið sagði m.a.: „*Markmið frumvarpsins er að örva og efla fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi með því að tilgreina með gegnsæjum hætti í lögum hvaða heimildir stjórnvöld og sveitarfélög hafa til að veita skilgreindar ívilnanir til fjárfestingarverkefna*“.

Á vegum stjórnvalda er einnig unnið að gerð sóknaráætlunar fyrir landið allt undir merkjum 20/20 þar sem áherslan er á samkeppnishæfni Íslands. Þá er starfshópur á vegum iðnaðarráðherra að ljúka samráðsferli um mótun heildstæðrar orkustefnu.

PriceWaterhouseCoopers í Belgíu hefur nýlega unnið ítarlega greiningu fyrir Fjárfestingarstofu á því hvernig unnið er að því að laða beina erlenda fjárfestinga til Íslands. Nokkrar breytingar eru nú að verða á starfsumhverfi Fjárfestingarstofunnar þar sem hún verður hluti af starfsemi Íslandsstofu sem nýlega var stofnuð á grundvelli laga nr. 38/2010. Um hlutverk Íslandsstofu segir m.a. í lögnum; „*að laða erlenda fjárfestingu til Íslands, upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál*“.

Verkefni starfshópsins er að vinna samantekt og tillögur sem fela m.a. í sér umfjöllun um eftirtalið:

- Mat og val á atvinnugreinum eða geirum sem leggja ber áherslu á við kynningu á Íslandi
- Aukið frumkvæði við að nálgast mögulega fjárfesta og fyrirtæki
- Samstarf stjórnáslu, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila á borð við orkufyrirtæki
- Mat og val á styrkleikum eða tækifærum sem leggja ber áherslu á

Auk gagna frá þeim aðilum sem vinna að stefnumótun og stofnanauppbyggingu sem tengist samkeppnishæfni og beinum erlendum fjárfestingum fær starfshópurinn aðgang að upplýsingum Fjárfestingarstofu um þau verkefni sem verið hafa til skoðunar sem og skýrslu PWC í Belgíu í heild sinni.

Í starfshópnum eru skipaðir eftirfarandi fulltrúar:

Aðalsteinn Leifsson, Álfahvarfi 2, 203 Kópavogi, formaður.
Kristín Pétursdóttir, Smárahvammi 12, 220 Hafnarfirði.
Vilborg Einarsdóttir, Lynghaga 5, 107 Reykjavík.
Geir A. Gunnlaugsson, Vatnsstíg 15, 101 Reykjavík.

Þórður Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingarstofu, mun starfa með hópnum eftir þörfum og óskum fulltrúa í starfshópnum.

Starfshópnum er ætlað að skila samantekt og tillögum fyrir árslok 2010. Þóknana nefnd mun ákvarða þóknun þeirra sem skipaðir eru í starfshópnum.

Vakin er athygli á því að formaður starfshópsins ber ábyrgð á að halda saman gögnum vegna vinnu starfshópsins og sjá til þess að gögnum sé skilað á skjalasafn ráðuneytisins. Er þar átt við: fundarboð, fundargerðir, bréfaskipti, vinnugögn sem varpað geta ljósi á starfið, skriflegar umsagnir sem borist hafa, álitargerðir, skýrslur og sérálit, eftir því sem við á hverju sinni.


Katrín Júlíusdóttir


Kristján Skarphéðinsson

Heimildir

Aon, áhættugreining (tekið úr texta hér að framan, vantar ártal).

Blonigen B. A., Davies R. B. and Head K. (2003), Estimating the Knowledge-Capital Model of the Multinational Enterprise: Comment. *American Economic Review*, (93), 980-994.

Carr D. L., Markusen J. R. and Maskus K. E. (2001), Estimating the Knowledge-Capital Model of the Multinational Enterprise. *American Economic Review*, (91), 693-708.

Davies R.B., (2008). Hunting High and Low for Vertical FDI. *Review of International Economics*, 2 (5), 250-267.

Davies R.B. and Kristjánsdóttir H. (2010). Fixed Costs, Foreign Direct Investment, and Gravity with Zeros, *Review of International Economics*, 18(1), 47-62.

Davies R.B., Ionascu D. & Kristjánsdóttir H. (2008). Estimating the Impact of Time-Invariant Variables on FDI with Fixed Effects, *Weltwirtschaftliches Archiv (Review of World Economics)*, 144(3), 381-407. Endurmótun stoðkerfis atvinnulífsins. Greinargerð til iðnaðarráðuneytisins. Stjórnhættir, 7 desember 2010.

Helpman, E. (1984). A Simple Theory of International Trade with Multinational Corporations. *Journal of Political Economy*, 92(31): 451-71.

Iðnaðarráðuneyti. <http://www.idnadarraduneyti.is/utgefid-efni/skyrslur/nr/3016>

Iðnaðarráðuneyti. <http://www.idnadarraduneyti.is/utgefid-efni/skyrslur/nr/2720>

Kristjánsdóttir H. (2004). Determinants of Exports and Foreign Direct Investment in a Small Open Economy. Ph.D. Dissertation

Kristjánsdóttir H. (2010). Foreign Direct Investment: The Knowledge-Capital Model and a Small Country Case, *Scottish Journal of Political Economy*, 57(5)

Markusen J.R. (1984). Multinationals, Multi-plant Economies, and the Gains from Trade. *Journal of International Economics*, May, 16(3-4), pp. 205-26

Markusen J.R. (2002). *Multinational Firms and the Theory of International Trade*, Cambridge: MIT Press. Einnig aðgengilegt á vefslóð <http://mpra.ub.uni-muenchen.de/8380/1/markusen-all.pdf> OECD's FDI Restrictiveness Index (2010) update. <http://www.oecd.org/dataoecd/32/19/45563285.pdf>

Porter M. (2010). The Icelandic Geothermal Cluster, Reykjavik 2010, PPT-Presentation

OECD Education at a Glance (2010)

PriceWaterhouseCoopers (2010). Future options for Invest in Iceland Agency

Ríkisendurskoðun (2010). Stuðningur við atvinnu- og byggðarþróun, desember 2010

SA (2008). Determinants of Nordic Competitiveness. Confederation of Icelandic Employers

Seðlabanki Íslands (2011). Tekið af vefslóð <http://sedlabanki.is/>

World Investment Report (2006). FDI from Developing and Transition Economies: Implications for Development. United Nations. New York and Geneva. Tekið af vefslóð http://www.unctad.org/en/docs/wir2006_en.pdf

World Bank (2011). Tekið af vefslóð <http://data.worldbank.org/>

World Bank Advisory Service: Global Investm Promotion Benchmarking 2009. Summary Report

